

# Landslagsgreining - staðareinkenni- verkfæri til byggða- og atvinnuþróunar



Auður Sveinsdóttir  
2014



Landbúnaðarháskóli Íslands  
Agricultural University of Iceland



Skipulagsstofnun



Hver er sérstaða okkar – skiptir hún máli ?



„.....og við verðum að hugsa um steinana. Við megum ekki alltaf láta þá liggja í skugganum okkar, við eigum stundum að klappa þeim og hlusta á þá og heyra hvað þeir hugsa“

(„Vökunótt fuglsins“ 1990)

Verkefnið er styrkt af Rannsókn- og þróunarsjóði Skipulagsstofnunar

# Landslagsgreining - staðareinkenni- verkfæri til byggða- og atvinnuþróunar

## SAMANTEKT

Tilgangur þessa verkefnis er að gera grein fyrir mögulegum aðferðum sem nýta má sem verkfæri til að draga fram sérkenni staða og efla staðarvitund til styrktar atvinnu- og byggðaþróun.

Í þessari samantekt um landslagsgreiningu er reynt að draga saman aðdraganda og yfirlit hvernig umræðan um landslag og aðferðir landslagsgreiningar hafa orðið til, breyst og þróast frá 7.og 8. áratug síðustu aldar. Tekin eru dæmi af verkefnum í landslagsgreiningu sem unnin hafa verið við LbhÍ undanfarin áratug. Aðferðir sem notaðar hafa verið eru kynntar, kostir þeirra og gallar og hvernig hægt er að aðlaga þær íslenskum staðháttum bæði þessu manngerða, „hversdags“ umhverfi sem og hinu náttúrulega, í mismunandi mælikvörðum og með ólík markmið.

Í lokin er fjallað um hvaða reynslu er hægt að draga af þessum verkefnum, hvaða aðferð hefur reynst best. Hvernig þróa má aðferðir áfram til að viðhalda og draga fram sérstöðu lands og þjóðar, efla staðarvitund og styrkja byggðaþróun.

Lagaumhverfið sem unnið er innan né hvernig það hefur breyst frá því allt landið var gert skipulagsskytt og vinna við mat á umhverfisáhrifum hófst er látið liggja milli hluta.

Tenging þess við ELC, landslagsgreiningu og staðarvitund er efni í nýtt verkefni.

# Efnisyfirlit

Formáli .....	5
Inngangur.....	7
1.1 Cultural landscape- Kulturlandskap- Menningarlandslag.....	7
1.2 Evrópski landslagssamningurinn ELC.....	12
II Landslag – Landslagsgreining –Staðarvitund.....	14
2.1 Landslag.....	14
2.2 Landslagsgreining .....	16
2.3 Staðarvitund .....	18
III Aðferðir og dæmi .....	19
3.1 Landskapskarakter./K. Lynch ... ..	20
3.2 Sjónrænar aðferðir Simon Bell.....	24
3.3 Metoder til Landskabsanalyse P.St. og V.N.....	31
3.4 Landscape Character Assessment.....	34
3.5 Landskpsanalyse M. Clemetsen.....	43
IV Umræða- Lokaorð .....	64
Heimildir .....	66
Viðauki 1.....	68

“ Much of the art and science of land planning is revealed to the planner when he first realizes that he is dealing not with areas but with volumes or spaces”

( Simonds, John O.)

## FORMÁLI

Hvað er landslag – hvað er landslagsgreining?  
Hverjum hefði dottið í hug að velta þessu fyrir sér um miðja síðustu öld?  
Líklega fáum.

Upphafið að mínum vangaveltum um landslagið má líklega rekja til umræðunnar um „menningarlandslagið“ ( cultural landscapes) um 1970. Fegurð landslags- hvað er það? „þegar vel veiðist“- „fagurt á fjöllum“ hvenær? Hvað er náttúruvernd – hvað er sambúð manns og náttúru? Ótal spurningar og fátt um svör.

Frá þessum tíma hafa breytingar á okkar daglega umhverfi - landslagi- verið gríðarlegar. Framræsla votlendis- endurheimt votlendis – virkjanir- vegalagnir- frístundaiðkun- skógrækt – ferðaþjónusta og svo má lengi telja.

Í gegnum skipulag eru lagðar línur að framtíðarsýn íbúa varðandi byggðamál, atvinnuþróun og lífsgæði eins og endurspeglast í Evrópska landslagssamningnum ( ELC). Með vaxandi ferðaþjónustu og kröfum um aukin lífsgæði („lýðheilsu“) gegnir skipulag, stjórnun og umhirða landslags sífellt mikilvægara hlutverki en verið hefur. Horft er til sérkenni staða í æ ríkari mæli jafnframt því sem breytingar á landnotkun í okkar „hversdags landslagi“ aukast . Því er mikilvægt að geta byggt upp og rökstutt aðferðafræði sem nýtist við faglegar og meðvitaðar ákvarðanir og geta þannig stuðlað að betri lausnum.

Frá stofnun Umhverfisskipulagsbrautar við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri ( nú LbhÍ) árið 2001 hefur aðferðafræði landslagsgreiningar verið skylduáfangi við brautina. Áhersla hefur verið lögð á að byggja upp og efla umræðu og kennslu í landslagsfræðum með það að leiðarljósi að draga fram þá sérstöðu sem við hér á Íslandi höfum í sambúð manns og náttúru. Frá upphafi hefur námsefnið verið í mikilli faglegri þróun útfrá hvaða aðferðir væru aðgengilegastar við íslenskar aðstæður og sérstöðu.

Leitað hefur verið leiða sem gætu tengt betur saman hefðbundna landnýtingu („landbúnað“) og aðra landnotkun sem var óðum að breytast og eflas.

Eitt meginmarkmiða hefur verið að efla skilning og þekkingu innan fagurfræðinnar, á sjónræna greiningu, rýmismyndun, aðlögun mannvirkja og skógræktar að landinu.

Aðferðir nágrannaþjóða okkar hafa verið reyndar og unnin samstarfsverkefni (NOLA) við háskóla á Norðurlöndum til að þróa hagnýtar og meðfærilegar aðferðir.

Í þessu verkefni sem og í þeim nemendaverkefnum sem unnið er með, er áhersla á eftirfarandi atriði:

- Að skilgreina sérstöðu og draga fram einkenni svæða / staða (no. “*stedsutvikling*”) og bera kennsl á mikilvæga landslagsþætti með því að framkvæma sérstaka kerfisbundna greiningu á náttúru-, menningar- og upplifunarbáttum
- Að sannreyna og lýsa þeim aðferðum sem algengastar eru við landslagsgreiningu
- Að draga á einfaldan hátt fram mikilvægi rýmisgreiningar með sjónrænum aðferðum (no. “*visuell analyse*”)
- Að geta valið aðferðir, heimildir og framsetningaraðferðir við lausn ólíkra verkefna
- Að geta lagt mat á sérstöðu landssvæða og geta dregið fram ólíkar sviðsmyndir í ákveðnum tímaskala ( 1-50 ár) um þróun og breytingar á svæðum

Það er von mín að þessi samantekt megi verða hvatning til frekari þróunar og vinnu við að lesa landið, tengja markmið Evrópska landslagssamningsins við íslenskar aðstæður sem verði sambúð manns og lands til góðs.

\*\*\*\*\*

Rannsókn- og þróunarsjóði Skipulagsstofnunar er þakkaður styrkur sem varð hvatning til að taka saman það efni um landslag og landslagsgreiningu, sem unnið hefur verið með á Umhverfisskipulagsbraut LbhÍ á árunum 2001-2014

Helenu Guttormsdóttur myndlistamanni og lektor við LbhÍ þakka ég ómældan stuðning og innblástur við að tengja sjónræn áhrif og rýmismyndandi þætti við efnið og undirstrika þannig íslenska sérstöðu landslagsins.

Samstarfsmaður minn í kennslunni Hrafnkell Proppé skipulagsfræðingur fær þakkir fyrir stuðning og við að meta og prófa nýjar aðferðir.

Nemendum þakka ég skilning og þolinmæði við verkefnavinnu, því án þeirra hefði ekki tekist að reyna ólíkar aðferðir og vinnubrögð.

# I Inngangur

Eins og sagt hefur verið; „að fortíð skal hyggja ef framtíð skal byggja“ er rétt að horfa aðeins um öxl og velta fyrir sér hvernig viðhorfin til landslagsins hafa verið að breytast frá því um miðja síðustu öld og urðu að ákveðnum tímamótum Með Evrópska landslagssamningum ELCsem samþykktur var árið 2000.

## 1.1 „Cultural landscape“ – Kulturlandskap - Menningarlandslag

Á seinni hluta síðustu aldar fóru menn víðs vegar um heim að átta sig á hversu stórfelldar breytingar voru að verða á landnotkun. Tækniframfarir og hvernig mælikvarðinn í umsvifum mannsins breyttist – gríðarlegur vöxtur þéttbýlis, auknar samgöngur með stórfelldum mannvirkjum, mengun, eyðileggingu og ágangi á náttúru- og menningarminjar.

Viðbrögð við þessum umfangsmiklu breytingum og mögulegum afleiðingum þeirra urðu til þess að farið var að þróa aðferðir sem nýst gætu í skipulagsvinnu þéttbýlis sem dreifbýlis og aukið skilning á mikilvægi þess nauðsynlega samspils sem er milli manns og umhverfis.

Vakin var athygli á þessum breytingum bæði í ræðum og ritum. Rit Landverndar þar sem fjallað er um ýmsar hliðar á umhverfisáhrifum á landslagið t.d. Mengun (1972, Landnýting (1973, Votlendi (1975, Útilíf (1979). Í fyrirlestrum og ritum Páls Skúlasonar heimspekings er velt upp ýmsum hliðum á breyttri sambúð manns og náttúru

Í bók sinni „Design with Nature“sem kom út árið 1969 fjallar Ian Mc Harg um mikilvægi tengingar skipulags við náttúruna, vistfræðilega ferla hennar og hvernig maður og umhverfi eru háð hvert öðru.

Með „stöflunaraðferðinni“ („glæruaðferðinni“) þar sem unninð er með markmiðsmiðaða greiningu (suitability analysis) má segja að hann hafi lagt grunn að þeim landslags- og staðarvalsgreiningaraðferðum sem unnið er með í dag.



Á þessum tíma skaut hugtakið “*kulturlandskap - cultural landscape*“ æ oftar upp kollinum þegar fjallað var um skipulag, landnotkun og náttúruvernd.

Það átti fyrst og fremst við um hið ræktaða land í þéttbýlli svæðum Evrópu og var eitt af lykilorðum umræðunnar um að auka vægi landslagsins í skipulagsvinnu. Það var ekki síst til að vekja athygli á hvernig hefðbundin búsetuform og ræktunaraðferðir mótuðu útlit landslins og höfðu þannig áhrif á þá vistfræðilegu fjölbreytni sem búsetan hafði haft um aldir.

Þetta hafði í för með sér að sjónum var beint að útliti landsins og menningararfleifðinni. Til dæmis var í Skotlandi vakin athygli á áhrifum hinnar umfangsmiklu skógræktar sem hafði átt sér stað frá því um smiðja síðustu öld. Þegar skosku skógarsvæðin fóru að vera sýnileg í landslaginu, gerðu menn sér grein fyrir hinum miklu breytingum sem voru að verða á útliti landsins. Sérkenni beitarlandslagsins voru óðum að hverfa og breyttu þannig einkennum og sérstöðu skosku heiðanna bæði sjónrænt en einnig varðandi gróður og menningu.

Það sama var um mörg smábýli í Noregi og Svíþjóð þar sem beit og fornir búskaparhættir mótuðu útlit landsins en var óðum að hverfa og breytast því býlin fóru í eyði, ræktun og nýting lagðist af eða breyttist í stórfellda „iðnaðarræktun“. Þannig breyttist líffræðilegur fjölbreytileiki og ákveðin hluti af menningararfi svæða og þjóðarinnar féll í gleymsku.

Þessar breytingar urðu einnig til þess að farið var að beina athygli í æ ríkara mæli að hinum sjónrænu þáttum landslagsins - útliti landsins – líffræðilegum fjölbreytileika og varðveislu bæði áþreifanlegra og óáþreifanlegra menningarminja. Meðal háskóla og fræðimanna hófust rannsóknir og þróun aðferða til að vekja athygli á þessum breytingum.

Á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar urðu til ýmis verkefni er fjölluðu um þessar breytingar sem voru að eiga sér stað. Eitt þeirra verkefna var verkefnið “*Naturgeografiske regioner*“ þar sem Eyþór Einarsson grasafraeðingur var fulltrúi Íslands. Í ritinu var gott yfirlit yfir náttúrufarið á Norðurlöndum en í stórum mælikvarða sem nýttist síður til skipulagsvinnu auk þess sem þátt menningarminja vantaði.

Til að bæta úr þessu var farið af stað með hið metnaðarfulla verkefni “*Natur og kulturlandskapet i arealplanleggingen* sem kom út árið 1987. Segja má að þetta hafi verið tímamótandi verkefni þar sem lagður var grunnur að landslagsgreiningu í skipulagi með áherslu á hið ræktaða land (landbúnaðarland) í sveitum landsins. Verkefnisstjóri var pófessor Magne Bruun í Noregi, en fulltrúi Íslands í verkefninu var Einar E. Sæmundsen og voru Biskupstungur teknar með sem dæmi. Þetta norræna verkefni hlaut seinna verðlaun Sameinuðu þjóðanna sem ákveðið brautryðjendaverk.





*Prosjektet omfatter “ det åpne lands “problemer og gjelder både natur- og kulturlandskap. I prosjektet er begrepet „naturlandskap“ ikke oppfattet som naturområder som er fullstendig uberørt av menneskelig påvirkning, men definert som områder preget av naturlig, potensiell vegetasjon. „Kulturlandskap“ er i samsvar med dette ikke oppfattet som ethvert område som har spor etter menneskelig bruk, men definert som områder som i vesentlig grad er preget og formet av menneskelig bruk og virksomhet. Det er understreket at overgangen mellom natur- og kulturlandskap er glidende. Vi har på den ene side naturnære kulturlandskap som er preget av ekstensive driftsformer med beiting og slått . I den annen ytterkant har vi fet urbaniserte og industrialiserte kulturlandskap, der bygninger, anlegg og annet menneskeverk er dominerende innslag.*

Natur og kulturlandskapet i arealplanleggingen; Regioninndeling av landskap  
 Nordisk Ministerråd 1987

Í verkefningu kemur fram að skilin milli náttúru og menningar séu oft afar óljós-  
 þau fléttast saman á marga vegu. Samkvæmt því er erfitt að tala um í skipulagi  
 að eitthvað sé alveg náttúrulegt og eitthvað sé alveg manngert



Þessi áður nefndu tvö norrænu verkefni voru síðar notuð sem grunnur að aðferðafræði Skipulags miðhálandisins, sem telja má sem tímamótaverkefni í landslagsgreiningu hér á landi.


Meðan þessi umræða frá árunum 1970 og fram til aldamóta um landslagið og menninguna átti sér stað í Evrópu var umræðan um meðferð landslagsins önnur hér á Íslandi en hjá flestum nágrannaríkjum okkar. Hér var umræðan annars eðlis þrátt fyrir að breytingarnar hafi á margan hátt orðið umfangsmeiri en víða í nágrannalöndum okkar og aðferðirnar og sýnin á þær aðrar.

Hér snerist umræðan fyrst og fremst um að klæða landið gróðri- endurheimt gróðurs, friðun fyrir beit, bann við lausagöngu búfjár, stóreflingu landgræðslu og skógræktar, auk stórtækra framræslu á votlendi- þeir þættir eins og menningararfurinn, búskaparhættir – þjóðsögur- sambúð lands og þjóðar var ekki kveikjan að breytingum .

Átök milli landbúnaðargeirans, skógræktar—og landgræðslu var oft og tíðum hatrömm og sökudölgurinn varð smám saman sauðkindin sem gerði lítið annað en að vera til og hlýða duttlungum mannsins. Hugtakið svört náttúruvernd og tilfinningaþrungin náttúruást endurspegladi hina „svart/hvítu“ umræðu og deilur um friðun og verndun varð ríkjandi og náði hámarki við undirbúning Kárahnjúkaframkvæmda.

Hið manngerða landslag eða hversdagslandslagið í „græna beltinu“ meðfram ströndum landsins varð að nokkru leyti útundan og fylgdi á engan hátt þeirri vaxandi umræðu um landslagið í okkar nágrannalöndum.

Í þessu yfirliti Hrafnkels Proppé kemur skýrt fram hversu miklar breytingar hafa orðið á landnotkun hér á landi á undanförunum áratugum. Vaxandi þéttbýli, skógrækt og svæði til útivistar – og frístundaiðkunar hafa aukist gríðarlega.



Þessar miklu breytingar í landnotkun hér á landi voru á engan hátt frábrugðnar á því sem gerðist annars staðar í heiminum.

Það hlaut því að kalla á aðgerðir til að takast á við þessar breytingar bæði á alþjóðavísu og hjá okkur hér á Íslandi.

Í Evrópu voru einnig miklar breytingar á landnotkun og sem afleiðing þess varð m.a. til Evrópski landslagssamningurinn.



## 1.2 Evrópski landslagssamningurinn ( ELC)

ELC var samþykktur í Firenze á Ítalíu 20. okt. árið 2000.  
Samkvæmt honum er skilgreiningin á landslagi þessi:

- „*Landslag merkir svæði sem fólk sér og fengið hefur ásýnd og einkenni vegna samspils náttúrulegra og/ eða mannlegra þátta*” (ELC; Firenze 20.oct. 2000).
- “*Landscape*” means an area, as perceived by people, whose character is the result of the action and interaction of natural and/or human factors

Langur aðdragandi og ferill var að samningi þessum, samþykkt og gildistöku. Með honum náðist mikilvæg viðurkenning á að landslagið sem slíkt með öllum okkar athöfnum og ekki athöfnum skipti máli.

Umræðan og áhrif allra þeirra breytinga sem höfðu átt sér stað í Evrópu frá síðari heimsstyrjöld urðu m.a. til þess að árið **1983** lagði Evrópuráðið fram yfirlýsingu að *evrópsku svæðisskipulagi* þar sem gefa átti sérstakan gaum að svæðum með mikilli náttúrufegurð, fjölbreyttum menningararfi og byggingalistaverðmætum.

Árið **1989** varð síðan *samevrópsk náttúruverndaráætlun* til þar sem lögð var áhersla á mikilvægi þess að viðhalda hefðbundnum landbúnaði til þess að auðga og varðveita útlit landslagsins. Gerð var krafa um nýja landbúnaðarpólítík sem hefði það að markmiði að hlúa að fjölbreytileika og verðmæti landslagsins með því að viðhalda jafnvæginu milli verndunar og nýtingar.

Ráðstefna Evrópuráðsins **1987** um framtíð sveitanna var upphafið að átaki **1987-1988** til styrktar sveitunum.

**1995** var lögð fram skýrslan; “*Rural landscapes in Europe: Principles for creation and management*”.

Samtímis lagði Evrópska ráðherranefndin fram tilmæli þess eðlis að aðildarríkin ættu að setja sér stefnumörkun til að tryggja gæði dreifbýlisins. Þar er m.a. hvatt til þess að ekki eingöngu íbúar heldur allur almenningur verði virkt í umræðu og meðferð á landslaginu ( umhverfinu). Segja má að þetta hafi því verið viss aðdragandi að ELC.

Jafnframt **1995** varð til stefnumörkun í svæðisskipulagi; **European Spatial Development Policy“ ESDP**

### *ELC og skipulag*

Áhrif þessara breytinga urðu m.a. til þess að skipulagsyfirvöld fóru að veita þessu meiri athygli og töldu þörf á að auka áhrif landslagsins í skipulagvinnu. Það ásamt fleiru leiddi síðan til Evrópska landslagssáttmálans ELC árið 2000. Samkvæmt honum er er litið á landslag sem sameiginlega evrópska arfleifð sem skuldbindur . Hann er fyrst og fremst rammi um lífsgæði og vellíðan en jafnframt rammi um þróun og atvinnulíf.

Samkvæmt samningunum er ætlast til þess að hin einstöku ríki innleiði aðferðir – viðmið og aðgerðir til verndar- skipulags og umhirðu á landslaginu samkvæmt þeirri skilgreiningu sem ELC er .

Með þessu móti er landslagið orðið að skilgreindum þætti og sett „á stall“ í alþjóðalegu samhengi.

Á vissan hátt má líkja hugmyndafræði sáttmálans við samninginn um líffræðilegan fjölbreytileika (biodiversity) eða jarðfræðilegan breytileika ( geodiversity)

Með ELC er sjónum beint að öllu landslagi og þannig getur almenningur, skipulagsyfirvöld og ríkisstjórnir nýtt sér ákvæði hans á margvíslegan hátt. Samkvæmt honum eru þau skýru skilaboð til skipulagsyfirvalda (sveitarfélaga) **að landslagið er grunnur að vellíðan og staðarvitund- í því felast gæði sem geta skipt máli fyrir atvinnu og efnahag.**

Rauði þráður ELC er greinilegur. Þar er talað um mikilvægi þátttöku almennings að snúa frá hinu hefðbundna og miðstýrða í skipulagsferlum að því sem er neðanfrá og upp ! frumkvæði íbúa sem hefur áhrif á þeirra hversdagslandslag og lífsgæði. Virða það að skilningur og upplifun fólks er margvísleg og ólík

Fræðsla er afar mikilvæg til að efla meðvitund og verðmætin í landslaginu og til að gefa fólki dýpri skilning á því. Það er ekki hægt að horfa fram hjá því að margir hafa ekki sterka meðvitaða tengingu við landslagið og sitt umhverfi - ekki bara almenningur heldur líka þeir sem eru inann stjórnsýslunnar og pólitískt kjörnir fulltrúar svo ekki sé minnst á fréttamenn. Að kveikja áhuga og skilning í fjölmiðlum á mikilvægi þess landslags sem við búum í og umlykur okkur er ein þeirra áskorana sem felst í ELC:

Í kjölfarið á samningum varð umræðan um skipulag og landslag umfangsmeiri, hin einstöku lönd tóku málefnið föstum tókum og hafa nýtt sér möguleika hans á marga vegu. Frá gildistöku samningsins eru liðin 14 ár og á þeim tíma hafa 47 Evrópuþjóðir undirritað hann. Ísland undirritaði hann árið 2012.

Eftir þennan tíma er eðlilegt að spurt sé hver er ávinningur og hvernig hafa þátttökuþjóðirnar unnið úr og með tilmælum hans?

Að sjálfsögðu er það afar mismunandi og margar spurningar vakna. Hitt er þó ljóst að landslagið skv. skilgreiningu hefur almennt komist á dagskrá – sumar þjóðir nýtt sér hann til margvíslegra aðgerða og sem leiðarljós- aðrar í minna mæli. Er hann bitlaust verkfæri eða er gagn að honum ----„sá veldur hver á heldur“.

Hvem har ikke stået i et landskab, der tager pusten fra én med sin skønhed eller styrke? Eller oplevet et landskab, der er forandret, fordi det er blevet bebygget eller fordi dét, som før fangede øjet, er fjernet eller udkonkurreret af noget andet.  
( Langeland landskabsatlas)

## II LANDSLAG - LANDSLAGSGREINING – STAÐARVITUND

Hver er okkar íslenska sérstaða, jarðvegurinn- fjöllin-gróðurinn – dýralífið-  
menningararfleifiðin - hið íslenska mál, þjóðsögurnar?

Hvað er landslag – skiptir það okkur máli – er það einhvers virði? –

Hvað er fallett og hvað er ljótt? Er hægt að setja mælikvarða á það?

Með hvaða augum lítum við á landslagið?

Margir hafa svörin og enn aðrir munu áfram glíma við að svara þessu.

### 2.1 LANDSLAG

Þrátt fyrir skilgreiningu ELC á landslag eins og áður hefur komið fram, þá er-  
og hefur - hugtakið landslag verið túlkað afar mismunandi eftir þjóðum,  
tungumálum og menningu í gegnum tíðina.

Til skamms tíma var túlkun okkar á Íslandi afar óljós eins og fram kemur í  
orðabókinni frá 1990, en þar stendur:

Landslag: „*form, útlit náttúrunnar*“

Í lauslegri athugun frá Merði Árnasyni 2007 segir:

„Orðið er til frá fornu fari, frekar sjaldgæft reyndar alveg fram á 19. öld, en  
merkir þá ‚siðir og venjur í landi‘ (reikna e-ð ‚að verðaurum og landslagi“ 1687)  
eða ‚ástand eða einkenni lands, jarðvegs, -- aðstæður til búskapar eða annarrar  
atvinnugreinar‘ („hvar landslagið er í deigara lagi og jörðin ei ofræktuð undir ...“,  
18. öld, Eggert Ólafsson; „móti landslagsins náttúrulegu óhollustu“ 18. öld seint,  
Magnús Stephensen, væntanlega um suðræn svæði)“.

...„En niðurstaðan er sú að þótt orðið hafi verið til frá því að fornu fái það ekki  
nú tímamerkingu fyrir en nálægt miðri 19. öld – í rómantikinni, og berst þá með  
menntamönnum frá Danmörku, sjálfsagt bein þýðing á ‚landskab‘ eða  
‚Landschaft‘. Í nútímamáli hefur það nánast bara þá merkingu. Í Íslenskri  
orðabók er bara sú skýring gefin upp: „heildarútlit landsvæðis, form náttúru á  
tilteknum stað“ sem er alveg þokkalega að orði komist“.

Í seinni tíð er hinsvegar farið að nota hugtakið í margskonar öðru samhengi t.d.  
skrifstofulandslag- borgarlandslag - viðskiptalandslag.


Rétt er einnig að geta Phd verkefnis Eddu R.H. Waage þar sem hún fjallar  
ítarlega um hugtakið landslag í náttúruvernd (The Concept of *Landslag*: Meanings and  
Value for Nature Conservation , HÍ 2013).

Í landslaginu mætist náttúra og menning. Oft samofin sem erfitt er að skilja að. Landslagið er allsstaðar- það umlykur okkur og er undirstaða daglegra athafna. Upplifunarhæfni okkar gerir að „land“ verður að landslagi. Að upplifa er ekki eingöngu að skynja að sjá, heldur einnig minningar, lykt, tilfinningar og tengingar ýmiskonar“.

(Bruun 1996)

Í gildandi skipulagslögum 123/2010 er landslag: skilgreint í annari grein; *Landslag*: „Landslag merkir svæði sem hefur ásýnd og einkenni vegna náttúrulegra og/eða manngerðra þátta og samspils þar á milli. Landslag tekur þannig til daglegs umhverfis, umhverfis með verndargildi og umhverfis sem hefur verið raskað. Undir landslag fellur m.a. þéttbýli, dreifbýli, ósnortin víðerni, ár, vötn og hafsvæði“

Þessar skilgreiningar á landslagi ásamt skilgreiningu ELC og “*Landscape Character Assessment*“ sem unnið er með í Skotlandi og Englandi ná allar yfir svipaða þætti og hafa verið notaðar sem grunnur að þeim aðferðum sem staðnæmst hefur verið við í verkefnavinnu nemenda á undanförunum árum.



Heimild: Swanwick G. 2000

## 2.2 Landslagsgreining

Hvaða aðferð landslagssgreiningar ætli landnámsmennirnir sem komu til Íslands hafi notað? Þeir beittu sinni eðlislægu landslagsgreiningu út frá þeim forsendum sem þeir höfðu í farteskiu frá sínum fósturlöndum. Þeir lásu í landið – gróðurinn- veðurfarið ( sól/skjól) jarðveginn – (sem þeir gátu ekki vitað mikið um), lásu í vatnið, reistu sér bústaði og hófu að nytja landið.

Það var þeirra landslagsgreining - / staðháttagreining. Forsendurnar sem þeir höfðu með sér brugðust þeim þó að einhverju leyti, því þekkingin á náttúrufari og aðstæðum í hinu nýja landi var takmörkuð og þurfti aðlögunar að staðháttum.

Í dag eru aðstæður jafnvel enn flóknari því kröfur um fjölbreytta landnotkun fara vaxandi, mikilvægi þekkingar á landinu ekki síður og því nauðsynlegt að finna lausnir að samnefnara.

Landslagsgreining er notuð af því að við teljum að í landslaginu sé eitthvað sem skiptir máli við skipulag og/eða breytingar á einn eða annan hátt.

Að greina („analyse“) þýðir að búa niður- aðgreina – leysa upp. Skrá – greina og síðan meta.

Tilgangurinn er fyrst og fremst sá, að finna, gera sýnilegt og draga fram sérstöðu – hvað er mikilvægt í landslaginu, hvað er einkennandi.

Með landslagsgreiningu verða mikilvægir eiginleikar og þættir gerðir sýnilegir þannig að það sé hægt að meðhöndla það kerfisbundið bæði til að meta og síðan til ákvarðanatöku. Almenn getur það styrkt gæði skipulagsvinnunnar, með því að markmið – aðgerðir og tillögur draga á virkan hátt fram sérstöðu landslagsins, staðaranda, ástand og ferla ásamt þróunarmöguleikum.

Landslagsgreining getur annars vegar haft hagnýtt gildi sem nýtist við skipulagsvinnu og ákvarðanatöku eða fræðilegt gildi þar sem hugtök og ferlar er rannsakað og metið.

*„Der er i analysearbejdet især fem kilder eller kanaler til input:*

*sansning  
indhentning af viden  
egne maalinger  
beregning og  
vurdering*

*(Metoder til Landskabsanalyse)*

*Heimild: Stahlschmidt og Nellemann;*



## Hver er ávinningur landslagsgreiningar?

1. Skýrir og dregur fram menningarminjar, líka þær ósýnilegu, vistfræðilega fjölbreytni, jarðfræðilegan breytileika og rýmismyndandi og sjónræna þætti. Hvernig tengist þetta? Hvaða þýðingu hefur þetta? Kallar á skýrar upplýsingar og þátttöku sérfræðinga á ýmsum sviðum í þverfaglega vinnu
2. Dregur fram mikilvægi staða; sjaldgæft, almennt, dæmigert, menningarsögu. Annarsvegar hvað hefur verndargildi og hinsvegar hvað ekki. Samspil hinna ólíku þátta sem metnir eru kerfisbundið
3. Vinnan við landslagsgreiningu getur haft þýðingu fyrir íbúa og hagsmunaaðila. Vekur áhuga, gerir fólk meðvitað um sitt nærumhverfi og veitir því möguleika á þátttöku í greiningar- og skipulagsvinnunni. Getur þannig verið kveikja að nýbreytni, þróun og nýjum tækifærum
4. Landslagsgreining getur ekki síður nýst sem leið til að draga úr ágreiningi. Samvinna, leita leiða, afla þekkingar og auka þannig sameiginlegan skilning og þekkingu á umræddu svæði og getur leitt til meðvitaðrar ákvarðanatöku án ágreinings.
5. Auðveldar vinnu við að framfylgja Evrópska landslagssamningum

Þær aðferðir sem notaðar hafa verið eiga ólíkan uppruna allt frá Ian Mc Harg sem var sterkur áhrifavaldur margra skipulagsfræðinga á grunni náttúruvísinda. Með kerfisbundnum skráningum fyrst og fremst á vistfræðilegum og náttúrufræðilegum upplýsingum kom fram hlutlæg mynd af því hvernig ýmsir þættir landslagsins voru. Ókostur þessarar skráningar var að megin vinnan fólst í skráningu og að raða saman upplýsingum án þess að verulegt mat ætti sér síðan stað og aðkoma íbúa var afar takmörkuð. Í dag eru náttúrfarsskráningar aðeins hluti af skráningu. Aðrar skráningar byggja á sjónrænum og eða rýmismyndandi þáttum og skrá þannig fagurfræðileg gæði í landslaginu, ásamt menningarsögu og upplifunarþáttum.



## 2.3 Staðarvitund / staðarandi ( Genius locci)

Notkun á hugtökunum **staðarandi** ( lat. Genius locci, en. Spirit of place) og **staðarvitund** ( en. Sense of place) kemur æ oftar fyrir í landslagsgreiningu, innan byggingarlistar og við skipulag bæði í dreifbýli og þéttbýli.

Þau endurspeglja þann skilning á umhverfi og landslagi að svæði hafa sérstöðu og ákveðin einkenni sem hægt er bæði að veikja og styrkja.

Við mat á landslagi er þetta þáttur sem er óáþreifanlegur og byggist fyrst og fremst á upplifun og skynjun þess sem metur. Engu að síður er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir þessu.

Í bókinni *Elements of Visual Design in the landscape* fjallar Simon Bell nokkuð ítarlega um hugtakið (bls. 103):

- *The Genius loci or the spirit of the place refers to the special, unique quality one place has over another*
- *Genius loci is tangible but is a highly valued aspect when attached to a landscape, which helps to make it sensitive.*
- *Genius loci can be vulnerable because the factors contributing to it may be difficult to identify.*
- *Relatively extensive yet self-contained areas can possess genius loci as well as smaller-scale places.*
- *Any design must respond to a strong genius loci*
- *A landscape lacking character can be given a stronger sense of place by good design creatively applied*

Í þeim landslagsgreiningaverkefnum sem unnin hafa verið er leitast við að gera hutgakinu „staðarandi- staðarvitund“ skil.

### Adrian Phillips i IUCN

*"Landscape is a **meeting ground** between:*

- *Nature and people – and how these have interacted to create a **distinct place**;*
- *Past and present – and how therefore landscape provides a **record** of our natural and cultural history;*
- *Tangible and intangible values – and how these come together in the landscape to give us a sense of **identity**."*

### III AÐFERÐIR OG DÆMI

Eins og áður hefur komið fram er landslagsgreining engin ein aðferð. Verkefnin sem þarf að leysa eru mismunandi, allt frá litlum svæðum, torgum í þéttbýli – afmörkuð svæði innan dreifbýlis eða heil héruð. Samliggjandi sveitafélög og misstórir mælikvarðar. Stærð svæða er ekki háð afmörkun viðkomandi aðalskipulags heldur getur verið hluti af því eða náð yfir fleiri en eitt.

Landslagsgreining getur verið hluti af aðalskipulagsvinnu eða framhald hennar þ.e.a.s. nánari úrvinnsla af ákveðnum svæðum. Styrkur landslagsgreiningar er að afmörkun ræðst yfirleitt af landslagseinkennum svæða.

Val á aðferð er því háð verkefninu hverju sinni bæði hvað varðar markmið verkefnis, aðgengi að gögnum og ekki síst umfang þess vinnuframlags sem hægt er að setja í verkefnið.

Í þessari samantekt er ekki hægt að gera öllum aðferðum fullnægjandi skil. Því er stiklað á stóru og fjallað aðeins um þær aðferðir sem unnið hefur verið með í nemendaverkefnum á undanförunum árum við Umhverfisskipulagsbraut Lbhí. Þær aðferðir og verkefni miðast fyrst og fremst við hagnýta vinnu að skipulagi og/eða ákvarðanatöku þar sem leitast er við að fylgja tilmælum Evrópska landslagssamningsins.

Fjallað verður um eftirfarandi aðferðir, þeim lýst, kostir þeirra og gallar metnir.

- **Skráning á náttúrufari og fagurfræði (norsk aðferð frá 1970-1980 .**  
*Landskapskarakter. Vurdering av fattbarhet og estetisk kvalitet i naturlandskapet og Kevin Lynch*
- **Skráning og mat á sjónrænum aðferðum og rýmismyndandi þáttum**  
**(aðferðir frá Forestry Commission í Skotlandi og Simon Bell)**
- **Landskabskarakter metoden ( Danmörk)**
- **Landscape character assessment ( Skotland)**
- **Landskapskarakter og landskapsverdi ( Noregur)**

Í verkefnavinnu og vali á verkefnum hefur verið leitast við að finna raunhæf verkefni með skýrum markmiðum. Leiðarljós og áherslur eru eftirfarandi:

- Hvað er landslag?
- Að fá æfingu í að lesa í landið –
- Að gera sér grein fyrir sérstöðu svæða og samfélags, styrkleikum og veikleikum.
- Hver er okkar sérstaða, menningararfurinn í landslaginu, hið íslenska mál, þjóðsögurnar, náttúrlegur fjölbreytileiki
- Skiptir þetta okkur máli–
- Er það einhvers virði –
- Hvernig komum við upplýsingum til skila
- Sérhver staður hefur sín sérkenni

**Skráning á náttúrufari og fagurfræði (Landskapskarakter. Vurðing av fattbarhet og estetisk kvalitet i naturlandskapet 1973 )**


Aðferð sem var þróuð og notuð í Noregi á árunum 1970-1980 (A.I Oterholm) m.a. vegna framkvæmda við vatnsaflsvirkjanir á þeim tíma. Í henni var lögð áhersla á hina hlutlægu og sjónrænu þætti í landslaginu sem ekki hafði verið unnið með áður. Byggt var á aðferðum Kevin Lynch (*Image of the City*) sem fyrst og fremst voru hugsaðar ú frá þéttbýli, en hér reynt að yfirfæra í stærri mælikvarða úti í landinu. Notaðar voru kerfisbundnar aðferðir við greiningu á náttúrufari og sjónrænum þáttum og reynt að meta gildi og vægi þeirra á ákveðnum skala og með tölfraðilegum útreikningum

Þessi aðferð var m.a. grunnur að “*Vurðing av landskapskvalitet*“ (Magne Bruun 1983 ) sem notuð var í Noregi við mat á áhrifum vatnsaflsvirkjana í verkefninu: “*Samlet plan for norske vassdrag*“.

Rekja má upphaf og vinnu að Rammaáætlun (Ísland) til þessarar aðferðar 25 árum síðar.

ESTETISK KVALITET		Jf.-skala 73			
Område:		Skilgreining:	Klassifisering:	Skala:	Metni:
VARIASJON	Form	□□□□□□	□□□□□□		
	Farge	□□□□□□	□□□□□□		
	Overflatestruktur	□□□□□□	□□□□□□		
	Lys/skygge	□□□□□□	□□□□□□		
	Lyd/lukt etc.	□□□□□□	□□□□□□		
	Skala	□□□□□□	□□□□□□		
	Tid	□□□□□□	□□□□□□		
ENSARTETHET	Form	□□□□□□	□□□□□□		
	Farge	□□□□□□	□□□□□□		
	Overflatestruktur	□□□□□□	□□□□□□		
	Lys/skygge	□□□□□□	□□□□□□		
	Lyd/lukt etc.	□□□□□□	□□□□□□		
	Skala	□□□□□□	□□□□□□		
	Tid	□□□□□□	□□□□□□		
HARMONI	Form	□□□□□□	□□□□□□		
	Farge	□□□□□□	□□□□□□		
	Overflatestruktur	□□□□□□	□□□□□□		
	Lys/skygge	□□□□□□	□□□□□□		
	Lyd/lukt etc.	□□□□□□	□□□□□□		
	Skala	□□□□□□	□□□□□□		
	Tid	□□□□□□	□□□□□□		
KONTRAST	Form	□□□□□□	□□□□□□		
	Farge	□□□□□□	□□□□□□		
	Overflatestruktur	□□□□□□	□□□□□□		
	Lys/skygge	□□□□□□	□□□□□□		
	Lyd/lukt etc.	□□□□□□	□□□□□□		
	Skala	□□□□□□	□□□□□□		
	Tid	□□□□□□	□□□□□□		
KONTRASTERENDE ELEMENT	Form	□□□□□□	□□□□□□		
	Farge	□□□□□□	□□□□□□		
	Overflatestruktur	□□□□□□	□□□□□□		
	Lys/skygge	□□□□□□	□□□□□□		
	Lyd/lukt etc.	□□□□□□	□□□□□□		
	Skala	□□□□□□	□□□□□□		
	Tid	□□□□□□	□□□□□□		
SAMLET VERDI			□□□□□□		

Matsblað fyrir fagurfræðilega þætti



Einföld myndræn framsetning af skilgreiningu á náttúru upplifun og fagurfræðilegum gæðum (AIO og JF 1973)

Á meðfylgjandi kortum má einnig sjá hvernig reynt var að yfirfæra skilgreiningar K. Lynch í stærri mælikvarða og út í landið



Mót / Vegamót / Mæri



Heildir / Héruð



Jaðrar / Kantar / Brúnir



Kennileiti



Línur / „umferð“ ( flæði)

Kosturinn við þessa aðferð er að hún krefst góðrar skoðunar á svæðinu þar sem sjónrænir þættir eru skráðir og tilfinning fæst þannig fyrir fjölbreytileika landslagsins. Fyrir „byrjendur“ í að lesa í landið og reyna að átta sig á

samsetningu þess án þess að einblína á einn sérstakan þátt, er þetta góð æfing og aðferð. Hinsvegar er hætt við að greiningin verði alltaf í aðalhlutverki og erfitt geti verið að átta sig á tilgangi hennar og hvernig hægt er að vinna úr henni í framhaldinu, með tilliti til skipulagsvinnu. Til þess að svo megi vera þarf að vinna meira með ákveðna þætti og reyna að átta sig á afleiðingum breytinga. Þetta nær ekki nægjanlega vel utan um breytingar í landslaginu og gefur litla möguleika á að tengja við ólíkar sviðsmyndir.

Með þessari aðferð er hætt við að mörkin milli skráningar- greiningar og tillögu verði óljós.

Líta verður á þessa aðferð sem ákveðið brautryðjendaverk í landslagsgreiningu sem varð til þess að gera landslagið sýnilegt með öðrum þáttum en eingöngu náttúrfararskráningum ( gróður /vistfræði, jarðfræði dýralíf o.fl). Áherslum var þannig beint að fagurfræðilegum þáttum og útliti landslagsins, sem ekki hafði verið unnið með áður.

Þessi sjónræna greining á vel við hér á Íslandi þar sem sjónrænn fjölbreytileiki landslagsins er mikill og sýnilegri en víða annars staðar í skógi klæddum löndum.

Í nemendaverkefnum reyndist þessi aðferð þó ekki nægjanlega vel til að geta áttað sig á hvernig breytingar eiga sér stað í landslaginu eða gætu átt sér stað og hvernig hægt væri að nýta þetta í skipulagsvinnu.

Í grein í tímaritinu *Byggekunst 3/93* fjallar Anne K. Geelmuyden landslagsarkitekt um þessar aðferðir landslagsgreiningar sem notaðar voru við landslagslýsingar og mats á landslagi á 7.og 8. áratugnum, t.d. við mat á áhrifum vatnsaflsvirkjana. Þar gerir hún athugasemdir við það að sjálft landslagið „hverfi“ í hagfræðilega útreikninga við að setja tölur og viðmið á hina ýmsu þætti ( fjölbreytileika, áferð o.fl). Þannig er hætt við að upplifunar- og skynjunarþátturinn verði útundan og falli ekki inn í þessa hugmyndafræði aðferðarinnar því hann verður auðveldlega illmælanlegur.

*Byggekunst 3/93 Anne K. Geelmuyden*

*“En innvending som kan rettes mot svært mye av det arbeidet som er gjort for at landskapsbeskrivelser og vurderinger skal bli mest mulig objektive, er at landskapet blir borte i kriterier og komponenter. Destruksjonen er fuldstendig når disse i tillegg uttrykkes kvantitativt ved hjelp av poengskalaer for varierhet, sjeldenhet o.s.v. slik man ivret for på 1960 tallet og tidlig på 70 tallet. Dette blir en landskapsestetikk på ökonomenes premisser, en landskapsetikk som er en regelestetikk, et sett med formale og visuelle regler som til syvende og sist ikke gjør annet enn å legitimere den tenkemåten som landskapsopplevelsen er en motreksjon mot.*

*Dette dilemma er tydelig manifestert i det store arbeidet som ble nedlagt på 1970-1980-tallet for å sette ord på landskapsverdier i vassdragsreguleringssammenheng. På trods av at man etterhvert utviklet et godt sett med begreper og metoder for at beskrive og sette verdier på landskapet, ble det alltid igjen en i erfaringen helt vesentlig opplevelseskomponent som ikke kunne begripes. Denne kom til å bli betegnet som „symbol- og identitetsverdi.“*

## **Skráning og mat á sjónrænum aðferðum og rýmismyndandi þáttum. Aðferðir frá Forestry Commission í Skotlandi og Simon Bell**

Í tengslum við áðurnefnda aðferð og hinn sjónræna þátt hennar, voru aðferðir skosku skógræktarinnar reyndar.

Hvatinn að því var ekki síst vegna hinnar umfangsmiklu skógræktar sem var hafin hér á landi og spurningar vöknuðu um áhrif hennar á landslagið.

Í Skotlandi hafði skógrækt aukist gríðarlega frá því á síðustu öld og gagnrýni jókst á að skógurinn væri að breyta hinu „skoska“ landslagi og sérstöðu. Frá því um 1970 var því farið, með aðferðum Sylvia Crowe að skoða skipulag skógræktar, einkum hin sjónræna áhrif hennar. Hún varaði einkum við því að mikilvægt væri að halda í sérstöðu útlits (fagurfræði) og menningarminja í landslaginu með markvissu skógræktarskipulagi og með áherslu á sjónræna þætti og aðlögun að landslaginu.

Ritið *“Forest landscape design. Guidelines“* var því notað í nemendaverkefnum ásamt bók Simon Bell *“Elements of visual design in the landscape“*.

Í Bs verkefni Hrafnkels Á Proppé *„Lögun skóga að landslagi. Skriðufellsskógur í Þjórsárdal“* fjallar hann um og staðfærir aðferðir Simon Bell að íslenskum aðstæðum og landslagi.

### **Mynstur landslags**

- Every landscape has a pattern, formed by all its constituents and their relation to each other.

As seen by the human eye, it is influenced by the quality of light and atmosphere, whether brilliant, subdued or misty. The constituents of the landscape are land and rock formation, vegetation and any structures men may put upon it.

» (“The Pattern of Landscape; S. Crowe, 1988, bls. 9”)

Tilvitnun frá Sylvia Crowe

Landscape is affected by uses of land which determine the pattern of vegetation. The greatest contrast is between trees and open ground, and the major landscape changes in our times have been brought about by the creation of woods and forests, particularly in the uplands

Forest landscape Design, Guidelines; Forestry Commission 1989




Eftirfarandi 6 meginþættir hönnunarleiðbeininga varðandi aðlögun skóga að landi voru notaðar í bæði stærri sem smærri verkefnum.

- ✓ *Lögun/ form – Shape*
- ✓ *Sjónræn þvingun /, sjónræn áhrif - Visual Force*
- ✓ *Stærðarkvarði /hlutföll – Scale*
- ✓ *Fjölbreytni – Diversity*
- ✓ *Heild, eining/ Aðlögun – Unity*
- ✓ *Staðarandi - The spirit of the place*  
(Simon Bell)

Með því að tengja þessar tvær aðferðir saman þ.e.a.s. þá skosku og norsku fékkst góður grunnur og verkfæri að fagurfræðilegri nálgun við greiningu og mati á landslagi.

Auk tvívíðar framsetningar við greiningar var lögð áhersla á að nota þrívíð gögn svo sem ljósmyndir. Með því móti væri m.a. auðveldara að virkja almenning til þátttöku.



Hefðbundið skógræktarskipulag ( Hrafnkell P.)

Eftirfarandi dæmi sýna æfingar í lestri á sjónrænum og fagurfræðilegum einkennum landslags þar sem stuðst er við áður nefndar aðferðir. Kosturinn við slíkar æfingar er að skilningur á samsetningu landslagsins hvort sem um er að ræða jarðfræðilega þætti, gróðurfar eða mannvirki, verða meðvituð og þannig auðveldara að átta sig á styrk þeirra og veikleikum út frá fagurfræði, staðaranda og skynjun.

**Fyrir skógrækt**



**Sjónræn öfl - greining**



**Eftir skógrækt**




sjónræn áhrif skógræktar- Lundareykjadalur (nem. Anna Sif)



Hver gætu sjónræn áhrif orðið hér ? (Ljósm. ÁÐ)



Heildir- línur - Jaðrar




Með slíkri greiningu er hægt að vinna með styrkleika og veikleika hinna ýmsu þátta- t.d hvenær hættir kennileiti að vera kennileiti eða hvað breytir fleti og einkennum hans?




Rýmisgreining bæði innan þéttbýlis – og dreifbýlis getur auðveldað tillögur að meðferð „rýmisins“ hver er sérstaða þess – styrkur- veikleiki

Í nemendaverkefni var þetta góð æfing í að lesa einkum sjónræna þætti í landslaginu.- og velta fyrir sér áhrifum skógræktar Með því móti er hægt að aðgreina mismunandi atriði út frá fagurfræðilegum forsendum – lögun – litir, afmörkun og ekki síst mannvirkjum í landslaginu og áhrifum þeirra.

Í þessu dæmi er lögð áhersla á lögun og stefnur í fjallshlíðinni ( mótun lands- jarðfræði)



Sjónræn greining á jörðinni Hesti með tilliti til skógræktar (nem. Í.R.)



Sjónræn greining á jörðinni Hesti með tilliti til skógræktar (nem. E.K)

## Metoder til Landskabsanalyse - ( Danmörk)

Byggt á: “Metoder til Landskabsanalyse – Kortlægning av stedets karakter og potentiale“. (P. Stahlschmidt og V. Nellemann)

Í þessari aðferð er lögð áhersla á staðareinkenni og staðarval.

Byggir upphaflega á aðferðum landslagsarkitekta við greiningu á svæðum í tengslum við skipulag og hönnun,– en hefur verið þróuð sérstaklega fyrir „hið danska landslag“

Meginflokkar greiningarinnar eru:

- Náttúrufar og landnotkun (“Analyse av naturgrunnlag og arealanvendelse“)
- Menningarsaga (“Kulturhistorisk analyse“)
- Rýmisgreining (“Rumlige analyse“)
- Svæðagreining (“Områdeanalyse“)
- Gæðagreining (“Værdianalyse“)
- Staðarvalsgreining (“Lokaliseringsanalyse“)
- Greining á áhrifum m.v. skipulags (“konsekvensanalyse“)

Í öllum þessum flokkum er lögð mikil áhersla að afla góðra gagna ekki síst með notkun GIS, auk þess að leggja áherslu á einfalda framsetningu.

Í nemendaverkefnum var reynt að fylgja þessum greiningarflokkum samvisskusamlega. Fljótlega kom þó í ljós að skortur og aðgengi að gögnum gerði vinnuna erfiða og seinlega sem varð til þess að verkefnið snerist fyrst og fremst um gagnaöflun en sjálf tillögugerðin sat á hakanum.

Til að bregðast við þessu var reynt að fara styttri leið og einfalda skráningarvinnuna sem síðan varð til þess að tenging milli skráningar- greiningar og tillögu varð óljós.

Hinsvegar er ótvíráður kostur aðferðarinnar að mjög kerfisbundið er hægt að fylgja henni, einkum þegar um afmarkað svæði er að ræða og skýr markmið liggja fyrir t.d. staðsetning mannvirkja. Hugmyndafræði bæði Kevin Lynch og Ian Mc Harg ( glæruaðferðin!) eru notaðar til stuðnings.

Meðfylgjandi tafla kemur einnig vel að notum við staðarval mannvirkis og hún notuð ásamt SVÓT greiningu sem verkfæri að tillögum.

### Samspil landslags og mannvirkis/verkefnis

	Góð staðsetning	Slæm staðsetning
Kröfur til mannvirkis/verkefnis (áhugi á framkvæmd)	Landslagið styður við verkefnið/mannvirkið	Landslagið er hamlandi gagnvart mannvirkinu (verkefninu)
Kröfur til landslags ( kröfur um friðun/verndun)	Mannvirkið hefur jákvæð áhrif á landslagið	Mannvirkið hefur neikvæð áhrif

Hvað er verkefninu ( mannvirkinu) fyrir bestu? Hvað er landslaginu fyrir bestu?

Áhersla var lögð á tillögugerð byggða á meðvituðu staðarvali og eftirfarandi atriði lögð fram:

1. Kröfur verkefnisins / mannvirkja eða landslagsins
2. Útilokun
3. Tækifæri eða takmarkanir
4. Einingar, umhverfisþættir, hagsmunir eða ásýnd
5. Nær- og fjarumhverfi
6. Ólíkir mælikvarðar
7. Framkvæmt eða áformað ( skv. Skipulagsáætlunum)

Staðarvalsgreiningin felst í:

1. Kerfisbundið val á mögulegum staðsetningum á nýju mannvirki /landnotkun
2. Hvar í landslaginu fer nýtt verkefni best
3. Krefst góðrar skilgreiningar á því verkefni sem á að framkvæma

Ennfremur skiptir máli að velja fyrir sér nær- og fjaráhrifum:

Verkefni (mannvirki) geta verið þannig að þau geri ólíkar kröfur til nær- og fjarumhverfis ( t.d. frístundabyggð)

1. Nærumhverfi
  - Gott byggingarland
  - Fjölbreytt náttúra – auðugt lífríki –
2. Fjaráhrif
  - Útsýni (fjölbreytt)
  - Aðgengi að fjölbreyttum gönguleiðum

Í þessari aðferð er takmarkað unnið með þátttöku íbúa og hagsmunaaðila

Útilífsmiðstöðin við Úlfjótuvatn er tekið hér sem dæmi:

Afmarkað tiltölulega lítið svæði með skýr markmið.Í þessu verkefni var lögð áhersla á sjónræn áhrif –aðlögun skóga að landslagi og að draga fram sérstöðu svæðisins ekki síst með tilliti til útivistar og þróunarmöguleikum til framtíðarnýtingar ( scenarios).

Stuðst var við aðferðafræði Simon Bell, en að öðru leyti fengu nemendur að velja sér sjálfir aðferð sem þeir töldu henta svæðinu og markmiðum verkefnis.

#### **Verkefnalýsing**

Markmið verkefnis er að nemandinn fái þjálfun í eftirfarandi atriðum:


- Skilja mismunandi landslagsgerðir, afmörkun þeirra og stærð
- Lýsa landslaginu og uppbyggingu þess
- Draga fram sérkenni svæðisins, sögu þess bæði út frá félagslegum þáttum ( búseta) og eins frá náttúrufari.
- Notkun hugtaka
- Velja aðferðir við greiningu (þar var hægt að blanda saman áðurnefndum aðferðum)
- Skilja mun á milli skráningar – greiningar og tillögu
- Notkun heimilda og upplýsinga
- Vinna á staðnum



- Gerð tillögu að möguleikum að nýtingu svæðisins
- Kynning, framsetning

Ennfremur:

Nota aðferðir sem eru nauðsynlegar / hentugar við að meta eiginleika landsins með tilliti til hvaða framtíðarnýting er æskileg fyrir svæðið - í hvaða átt er hægt að beina „þróun“ með tilliti til breytinga hvort sem um er að ræða mannvirki ýmiskonar eða / og ræktun.



Tillögu að aðlögun skóga að landi (nem. Egill Þórarinnsson 2009)


## Landscape Characer Assessment - LCA

Árið 2002 kom út á vegum “The Countryside Agency“ í Englandi og “Scottish Natural Heritage“ í Skotlandi skýrslan “*Landscape Character Assessment*“.

Höfundur hennar var m.a. Cary Swanwick frá Sheffield University.

Aðferðin sem þar er lögð fram og lýst byggist á þeirri skilgreiningu að landslag er allt okkar umhverfi ( sjá bls.13 )

Ennfremur fellur þessi aðferð vel að markmiðum Evrópska landslagssamningsins og því verkefni að sporna við áhrifum loftslagsbreytinga – gróðurhúsaáhrifum m.a.




Þýtt úr ensku af Landmótun ehf 2014

Hugsunin á bakvið LCA er sú að það er ekki verkfæri til að standa gegn breytingum sem geta haft áhrif á landslagið, heldur sem aðstoð til ákvarðanatöku.

Líta má að það sem verkfæri til að skilja hvernig landslagið er í dag- hvernig það hefur orðið eins og það er og hvernig breytingar verða.

Hvað gerir eitt svæði öðruvísi en annað og hver eru einkenni ólíkra svæða, sem síðan getur auðveldað ákvarðanatöku varðandi skipulag og umhirðu.

Þessari aðferð er skipt upp í nokkur ítarleg þrep og vinnuferla og krefst talsverðrar vinnu í gagnaöflun.



## Lýsing á verkþáttum LCA

### **Box 1.2: Organisation and content of main guidance**

#### **PART I A PRACTICAL GUIDE TO LANDSCAPE CHARACTER ASSESSMENT**

##### **Chapter 1 Introduction**

##### **Chapter 2 Principles and process**

Introduces the principles of the approach and gives an overview of the process. Identifies a series of key steps, which are then described in detail in the following chapters.

##### **Chapter 3 Defining the scope (step 1)**

Stresses the importance of establishing the scope of an assessment before embarking on the work and deals with issues such as purpose and aims, scale and level of detail, resources required, approaches to making judgements, and decisions about outputs from the work.

##### **Chapter 4 Desk study (step 2)**

Describes the important preparatory work that must be done before embarking on field survey, reviews sources of map information on a range of different topics, and describes the preparation of map overlays as a basis for preliminary identification of landscape types.

##### **Chapter 5 Field survey (step 3)**

Outlines the important contribution of field survey and ways of carrying out this work comprehensively and effectively.

*/\_contd.*


### **Box 1.2 (contd.)**

##### **Chapter 6 Classification and description (step 4)**

Looks at the principles and practice of landscape characterisation, including approaches to classification, consistency in terminology, dealing with boundaries and descriptions of character.

##### **Chapter 7 Making judgements based on landscape character**

Examines the way that Landscape Character Assessment can inform decisions and the range of approaches to making judgements about the landscape.



Prepaskifting í vinnuferli LCA

Hluti af þessari aðferðafræði var síðan prófað í nemendaverkefnum í mismunandi skala. Annarsvegar við gerð tillögu að framtíðarþróun í Munaðarnesi orlofsbyggð, og hinsvegar að framtíðarþróun stærra svæðis, norðanverður Hvalfjörður. Í ljós kom að LCA reyndist betri aðferð þegar unnið var í stærri skala. Þar nýttist styrkur aðferðarinnar betur. Hinsvegar kom enn og aftur í ljós hve aðgengi að grunnögnum vegna skráningar og upplýsingaöflunar tók langan tíma og reyndist flókið. Ennfremur er takmarkað gert ráð fyrir ferlum að kynningu og samstarfi við heimamenn og hagsmunaaðila. Við mat á einkennissvæðum reyndust skráningareyðublöð nokkuð umfangsmikil og oft ekki í samræmi við þær aðstæður sem eru hér á landi.

**Munaðarnes - - lítið svæði - Landslagsgreining í tiltölulega litlum mælikvarða**  
Afmarkað svæði með mannvirkjum, fjölbreytileika í landslagi og skýr markmið. Verkefnið fólst í því að styrkja sérstöðu Munaðarnes sem orlofshúsasvæðis og draga fram sérkenni og „staðaranda“ .  
Að vinna með það smáa – sambland mannvirkja og landslags-

#### Markmið verkefnis

Mat á landslagi með tilliti til styrkleika, veikleika og þróunarmöguleika landslagsins. Að framkvæma greiningu á svæðinu sem grunn að hugmynd að skipulagi Greiningin á að taka mið af markmiðum verkefnis er varðar útivistariðkun og orlofsdvöl fyrir einstaklinga og móttöku hópa með því að styrkja og nýta sérkenni landslagsins og er eftirfarandi lagt til grundvallar:

- skilgreining á hugtakinu útivist / orlofssvæði
- fyrir hverja ( fjölbreytileiki)
- hvernig er landslagið skilgreint
- hvernig er unnið með tengingu milli greiningar, notenda ( nýting) og landslags


Hér var ætlast til að nemendur færu í ítarlega og kerfisbundna skráningarvinnu og síðan reynt að draga fram sérstöðu sem síðan endaði í hönnunartillögu. Velta upp hugmyndum að nýta náttúrlegar aðstæður til að styrkja sérstöðuna og leggja fram sviðsmyndir.

Vegna skorts á aðgengilegum gögnum varð minna úr skráningarvinnunni en áætlað var og meira notað af ljósmyndum til skýringar – sem getur líka verið kostur.

Gallar: Mælikvarðinn frekar lítill – ekki unnið með notendum svæðis, heldur lögð áhersla á ólíkar sviðsmyndir og tillögur sem oft vantaði tengingu við skráningar og greiningarferil samkvæmt aðferðafræðinni.

Dæmigert verkefni þar sem mörkin milli skráningar og tillögu eru óljós og þar sem takmörkuð vinna er lögð í að túlka og vinna úr söfnum / skráðum upplýsingum.

Of umfangsmikið ferli fyrir þetta verkefni og hefði mátt einfalda t.d. með að fylgja LKM ( dönsku aðferðinni)



### Heitar laugar

Hér er um að tæða gömul landbúnaðsmannsvæði sem að eru löngu komin í eyði. Fyrir nokkum var líklegast einhverskonar veit eða gripakís. Þarna standa þau tvö við þjóðveginn, veitubarni og segja skvæðna sögu um lönguhortó til í sveitinni og bílta þess að lá endurnýjun líklega sinna.



Hér er upptægt að setja upp einhverskonar bæðabúðir og nýja húsnæði sem búningaklefi eða í aðra þjónustu við laugin. Til dæmis væri hægt að gera sauna í öðru húsnæði. Eit rétt verður að þessum þessum staðið gæti verið unaðilegt að enda langt og þéttveit styttri göngutúra í laugini eða sauna. Einnig gæti ég ráð fyrir því að það verði gróður veit í kringum svæðið bæði til að auka næði, draga úr vindi og byrja sýn að þjóðveginn.



Sýnishorn af veggspjöldum með greiningu í einkennissvæði og dæmi um tillögu að möguleikum og þróun svæðis

## Stærra svæði – Hvalfjörður

Verkefnið skiptist í tvo þætti:

A. Mat á landslagi með tilliti til styrkleika, veikleika og þróunarmöguleika landslagsins

### **Markmið verkefnis:**

Að nemandinn afli sér þekkingar á einkennum landslagsins – sérstöðu og upplifun með því að beita ákveðnum greiningaraðferðum

Að nemandinn geri sér grein fyrir nýtingu/notkun svæðisins og hver sóknarfæri þess eru á grundvelli greiningarvinnunnar.

Sýna hvernig skráning á staðnum (“Field study”) og skráning úr heimildum (“Desk study”) fer saman.

Við skráningu skal t.d. gera grein fyrir:

Jarðfræði – Myndun og mótun lands

Gróðurfari

Búsetu

Minjum ( söguskráning)

Sjónrænni greiningu

‘Ánda staðar’

Tengingum við nær og fjærumhverfi





Ljósm. Áskell Þórisson

## B. Skógarhönnun – aðlögun að landi

Landslagsgreining þarf að hafa einhvern tilgang og í þessu tilfalli er það skógarhönnun sem byggir á niðurstöðum úr verkefni A.

Verkefnið felst í því hvernig getur skógur á umræddu landsvæði stuðlað að jákvæðri byggðapróun – aukið lífsgæði íbúa og ferðamanna – skapað atvinnu og styrkt sérstöðu svæðisins á lands- og héraðsvísu.

Nemendur nýta greiningu og gögn úr sinni hópvinnu úr verkefni 5 og gera tillögu að hvernig og hvar hægt er að kom fyrir **4-600 ha** skógarsvæði.


Markmið verkefnis voru eftirfandi:

- að takast á við hönnun á stóru landsvæði og tryggja að landslagsbreytingar falli vel að heildarsérkennum svæðisins og styrki það
- þjálfun í að beita almennum hönnunarferlum í stórum skala
- að nýta niðurstöður landslagsgreiningar til vals á skógræktarsvæði
- að draga fram og meta sérkenni svæðisins út frá greiningu (landkosta og sérstöðugreiningu)
- að skilja mun á milli skráningar – greiningar, mats og tillögu
- að nota heimildir og upplýsingar
- að gera tillögu að möguleikum að nýtingu svæðisins með tilliti til skógræktar
- að kynning á tillögum og framsetningu sé þannig að skýrt komi fram hvaða breytingar í landslaginu /sviðsmynd (scenarios“) eru fyrirsjáanlegar




Ljósm. Áskell Þórisson





Mynd 2. Verkerfi landkosta- og sérstöðugreiningar í Hvalfirði



Vettvangsvinna - Hvalfjörður Staður nr. <b>2</b>	Myndir nr. <b>8184</b> <b>1-7</b>	Staðsetning og stutt lýsing á staðsetningu sjónarhorns: <b>Hvalstöðin/Kampur, Stöndum í miðjum báðunum og hvarfum 360°</b>
<b>1. Landform og jarðfræðileg uppbygging</b>		
<input type="checkbox"/> Skálarlaga	<input checked="" type="checkbox"/> Hallandi	Námar:
<input type="checkbox"/> Ávöl lögun	<input type="checkbox"/> Brött hlíð	<b>Klettur ofst en</b>
<input type="checkbox"/> Flatt	<input checked="" type="checkbox"/> Láglandi	<b>vo afláðandi</b>
<input checked="" type="checkbox"/> Afláðandi	<input type="checkbox"/> Hálandi	<b>sléttu niður að</b>
<input type="checkbox"/> Eldvörp	<input type="checkbox"/> Gervigígar	<b>sjá</b>
<input type="checkbox"/> Foss	<input type="checkbox"/> Heitar uppsprettur	
<input type="checkbox"/> Leirur	<input type="checkbox"/> Breiður dalur	
<input type="checkbox"/> Pollur	<input type="checkbox"/> Hóll	
<input type="checkbox"/> Fjallshryggur	<input type="checkbox"/> Eldhraun	
<input type="checkbox"/> Djúpt gil / gljúfur	<input type="checkbox"/> sjávarfitjar	
<input type="checkbox"/> Þröngur dalur	<input type="checkbox"/> Klöpp	
	<input type="checkbox"/> Annað....	
<b>2. Gróðurfar</b>		
<input checked="" type="checkbox"/> Þétt	<input type="checkbox"/> Laufskógur	Námar:
<input checked="" type="checkbox"/> Gisið	<input type="checkbox"/> Blandaður skógur	<b>Rofnar hlíðar og</b>
<input type="checkbox"/> Flekkótt	<input type="checkbox"/> Birkiskógur	<b>þessi ofst en</b>
<input type="checkbox"/> Barrskógur	<input type="checkbox"/> Skógrækt	<b>er blandið á afláðandi</b>
<input type="checkbox"/> Mýri	<input type="checkbox"/> Mosi og lyngmói	<b>kafla</b>
<input type="checkbox"/> Votlendi	<input type="checkbox"/> Vötn og ár	
<b>3. Landnýting</b>		
<input type="checkbox"/> Þurrkað ræktarland	<input type="checkbox"/> Byggingasvæði	Námar:
<input type="checkbox"/> Ræktun bófjár	<input checked="" type="checkbox"/> Hafnarsvæði	
<input type="checkbox"/> Sorphaugur	<input type="checkbox"/> Námur	
<input type="checkbox"/> Skógrækt	<input type="checkbox"/> Ósamfelt þéttbýti	
<input checked="" type="checkbox"/> Iðnaðarsvæði <b>Hvalur</b>	<input type="checkbox"/> Sumarbústaður	
<input type="checkbox"/> Bóndabær	<input checked="" type="checkbox"/> Íbúahverfi <b>búseta</b>	
<input type="checkbox"/> Efnistaka	<input type="checkbox"/> Samgöngur og veitur	
<input type="checkbox"/> Ferðaþjónusta	<input type="checkbox"/> Opinber þjónusta	
<input type="checkbox"/> Frístundabyggð		

Sýnishorn af matsblaði fyrir skoðunarferð

## Landskapsanalyse - fremgangsmåte for vurdering av landskapskarakter og landskapsverdi

Að frumkvæði norska umhverfisráðuneytisins unnu stofnanirnar “Direktoratet for naturforvaltning” og “Riksantikvaren” leiðbeiningarit um landslagsgreiningu *Landskapsanalyse – Framgangsmåte for vurdering av landskapskarakter og landskapsverd 2010* og í framhaldi af því; *Veileder for landskapsanalyse i kommuneplan 2011*.

Þessi leiðbeiningarit voru hugsuð fyrir sveitarfélög sem stuðning við og innlegg í aðalskipulagsvinnu þeirra, sem jafnframt tæki mið af tilmælum þeim sem Noregur hefur undirgengist með Evrópska landsslagssamningnum ELC.

Í formála fyrir ritið “*Veileder*” stendur m.a.


*“Landskapet er en ressurs for lokalsamfunnet både for kunnskap, opplevelse og bruk.*

*Dette stiller krav til hvordan vi forvalter det. All utbygging og arealdisponering fører til endringer i landskapet.*

*I kommuneplanens arealdel fastlegges hovedtrekkene i arealdisponeringen, noe som også vil påvirke landskapet i årene framover.*

*Det er derfor viktig at planleggingen er basert på en god forståelse av landskapet og hvordan planen vil virke inn på dette.*

*Formålet med denne veilederen er å vise en systematisk metode for å analysere landskapet i kommunen”.*



Þessi aðferð er talsverð einföldun frá LCA ( skosku aðferðinni) en til viðbótar er mikil áhersla lögð á tengslin við íbúa og hagsmunaaðila.

Hún er nokkuð frábrugðin „dönsku aðferðinni” að því leyti að áherslan er fyrst og fremst að draga fram sérstöðu og einkenni svæða – ásamt sviðsmyndum, en ekki endilega sem tengingu við eitthvað ákveðið skipulagsverkefni.


Norska aðferðin virðist ganga vel upp á stærri svæðum og býður upp á talsverðan sveigjanleika eftir því sem verið er að vinna með t.d. staðsetningu skógræktarsvæða, frístundabyggðir – endurheimt votlendis og að draga fram sérkenni/einkenni svæða til þróunar og styrkingar

Aðstæðum á Íslandi svipar víða til í Noregi – strjálbýl, fámenn og víðáttumikil héruð með fjölbreytilegu landslagi bæði náttúrufari, menningarsögu og þar sem byggða- og avinnumál eiga undir högg að sækja.

Það var því áhugavert að athuga hvort hægt væri að nýta þessa aðferð við íslenskar aðstæður

Vinnuferillinn skiptist í eftirfarandi þætti:





Aðferðafræði vinnuferils

Þar sem þessi aðferð virtist einfaldari ekki síst varðandi upplýsingaöflun, var ákveðið að prófa hana allt frá stórum mælikvarða í minni sem endaði í tillögum að hönnun. Ennfremur var lögð áhersla á sviðsmyndir sem mat á framtíðarþróun. Einnig var lögð áhersla á framsetningu, ekki eingöngu sem kort heldur einnig myndrænt.

Eftirfarandi verkefni eru dæmi þar sem þessi aðferð var notuð:


**Lundarreykjadalur, Flókadalur og Bæjarsveit.** - Landkosta- og sérstöðugreining



Verkefnið fólst í að leggja mat á sérstöðu svæðisins þannig að hægt sé að taka vel ígrundaðar ákvarðanir um framtíðar uppbyggingu þess, varðveita og styrkja helstu sérkenni sem grundvöll að tillögum.

Markmið

- Að draga fram sérstöðu svæðisins bæði sem heildar og sem minni einkennissvæða.
- Að safna saman gagnlegum upplýsingum um náttúrfar, menningarminjar og skynjun.
- Að ná sameiginlegri sýn þátttakenda á sérstöðu svæðisins.
- Að útbúa grunn fyrir frekari ákvarðanatöku um landmótun




Einkennissvæði

Á grundvelli niðurstöðu úr landkosta- og sérstöðugreiningu átti síðan að sýna á hvern hátt landslag Lundareykjadal, Flókadalog Bæjarsveit getur þróast. Nemendur móti sér sýn um framtíðarþróun alls svæðisins og sýni með landslagshönnun á völdum stað hvernig þróun í anda þeirrar sýnar gæti orðið.

Með þessari aðferð komu fram áhugaverðar tillögur á grundvelli sérstöðugreiningar þar sem sýnt var fram á ýmsa möguleika að skipulagi og þróun. Nefna má uppbyggingu á ferðapjónustu í Brautartungu- áhugavert tjaldsvæði í mynni Lundareykjadals, aðlögun skóga að landi og ekki síst endurheimt votlendissvæðis í Bæjarsveit sem ferðamannastaðar með tilliti til umhverfisfræðslu og fuglaskoðunar- jafnframt því að draga úr gróðurhúsaáhrifum.

**Tjaldsvæði í Lundareykjadal**  
Sýnishorn af veggspjaldi – (nem. Drífa Árnadóttir)





## Bæjarsveitin – Endurheimt votlendis fuglaskoðun – mótvægisáðgerðir

Sýnishorn af veggspjöldum\_(nem. Hildur Hartmannsd



Hægt er að leigja sér fuglaskoðunahús viðsvegar um svæðið. Misgott aðgengi er að þeim en við flest þeirra ætti að skapast ágælis næði. Göngustígur með tréþalli er það breyður að aðgengi fyrir fatlaða er tryggt um leið og það bætir samgöngur annara, eins og mæling gangandi og hjólandi vegfarenda.

### Sviðsmynd + 50 ár

- Sjálfbærni í orku og fæðuöflun
- Umfangsmikil endurheimt votlendis
- Vel er hugað að sem besti nýtingu landsvæða
- Ný kynslóð og góðir búsetukostir í heilsársbúsetu
- Styrkir og stuðningur fyrir unga bændur /aðra
- Styrku til að viðhalda íslensku landbúnaðarlandslagi
- Hýbili og umhverfi renna meira saman í eitt
- Ný orkunýting – raf bílar og sólarorka
- Efling á menningartengdi ferðaþjónustu
- Heilsteipt hjólréiða, göngu og reiðleiðakerfi
- Kraftar náttúru og vistkerfis eru upphafin á nýtt plan
- Fæðuöryggi tryggt á vistvænan máta

### Hönnunarpema

Endurheimt votlendis og uppbygging svæðis sem fræðslu og útivistarsvæði

- Krafa um nýjar lausnir á vannýttu landsvæði/auðlind
- Draga úr losungróðurhúsalofttegunda
- Mikilvægir vistfræðilegir ferlar
- Samstarf við LBHÍ og votlendissetur
- Menntun og fræðsla
- Fugla, fiska og skordýraskoðun
- Vistvænar lausnir í húsakostum og aðstöðu
- Skynsemi í landnýtingu og sjálfbærni



Spennandi og ógrandi upplifun skapast á slóða þar sem gangandi vegfarendur munu þurfa að krossa yfir mýrar, stikkla yfir síki á drumbum og geta skotist í felur undir opin tjaldskýli. Upplýsingaskilti um fugla og annað lífríki sem þrífst á svæði ásamt fræsluskiltum um sögu og örnefni er komið fyrir viðsvegar um svæðið



Votlendismíðstöð í Þingnesi



## Lundarreykjadalur ( Oddstaðir)



Helga Dís Árnadóttir UMSK IV Verkefni 6

Aðlögun skóga að landi (nem. Helga Dís Árnadóttir)

### Sviðsmynd af svæðinu eftir 50 ár

Báðir vegir inn í Lundarreykjadal eru malbikaðir auka þar með aðgengi um dalinn og í gegnum hann.

Lundur og Oddsstaðir hafa stækkað og orðið að tengilið við hálendið og bjóða upp góða þjónustu fyrir ferðamenn hvort sem það er í útilegu, göngugarpar eða hestafólk.

Skógarækt hefu aukist um allan dalinn..

- Nýliðun á öllu svæðinu
- Vegir og brýr endurnýjaðir
- Göngu- og reiðleiðir bættar
- Tenging við hálendið
- Uppgræðsla – skógrækt
- Eitthvað af fristundarbyggð


**Hluti af Hvalfjarðarsveit –Frá Fiskilæk meðfram Hafnarfjalli að Andakílsfossi að mynni Lundareykjadals, meðfram Grímsá og Hvítá úti Borgarfjörð. Svæðið nær að miklu leyti yfir gamla Andakílshrepp.**



Afmörkun svæðis

Í þessu verkefni var beitt sömu aðferðafræði og í Lundareykjadal- Bæjarsveit. (í viðauka 1 má sjá vinnuferlið þ.e.a.s. áfanga 1- IV)

Áhugavert var, að skipting í einkennissvæði var ekki sú sama hjá þeim tveim hópum sem unnu að greiningunni. Túlkun og lýsing skiptir miklu máli þó ekki fáist sama niðurstaða.



Svæðaskipting/ einkennissvæði hópur B



Svæðaskipting /Einkennissvæðihópur A



Strandlínan er fjölbreytileg- séð í norður



Horft í SV frá Hafnarmelum ( ljósm. Áskell Þórisson)

Eftirfarandi dæmi sýnir lýsingu á einkennissvæði 1 - þrep / áfangi III (túlkun) ásamt matstöflu. Hér eru metin áhrif á landslagseinkenni hvers svæðis fyrir sig að undangenginni stuttri lýsingu þar sem sérkennin / einkennin eru dregin fram myndrænt.

Með lýsingunni og afmörkun svæða er gert ráð fyrir að það sé sannreynt bæði á vettvangi og eins með þátttöku íbúa. Lýsingin þarf að vera hnitmiðuð. Sjá nánar í viðauka 1

## Svæði 1 Melasveit



**Svæði 1- Melar.** Afmarkast af strandlengjunni og þjóðveginum. Svæðið er að mestu leyti flatt votlendi. Þarna er að finna landbúnað með ræktuð tún. Landslagið er mótað af ísaldarjökklum. Stranlengjan einkennist af sjávarrofi.

Dæmi um skráningarblað á einkennissvæðum

Svæði 1		
Landslagsásýnd/eindir	Lýsing	Ahrif á Landslagseinkenni
<b>Innihald séreinkenni Landslags</b>		
Landform, vatn, lækir og ár	Landbúnaðarlandslag að mestu á landi mótað af isaldarjökklum, frekar flatlent. Mikið sjávarrof við ströndina, háir bakkar. Sjávarsetlög	Miðlungs
Gróðurþekja	Ræktuð tún og votlendi einkenna svæðið	Mikil
Búseta og landnotkun	Nokkur lögbylí í mismikilli notkun. Hefðbundinn landbúnaður með ræktuðum tünnum, stórt kúabú að Belgsholti, frístundabyggð í landi Narfastaða	Lítill
Meningarsagan í landinu	Bæjarhóll og rústir í landi Mela, refagildra í landi Hafnar, Dómhringur eða lögrétta, kirkjurúst og kirkjugarður í landi Belgsholts.	Lítill
Meningarlegar skirskotanir	Melar í Leirár- og Melasveit voru fyrrum bústaður Melamanna, sem voru komnir af Reykhyltingum og Borgarmönnum. Til þeirra er rakin Melabók Landnámu og af þeim féllu fjórir menn í Bæjarbardaga. Bærinn Höfn stendur lágt skammt frá sjó. Þar bjó Hafnar-Ormur fyrstur manna að sögn Landnámabókar	Lítill
Rými og fagurfræði	Viðsýnt og veik rýmismyndun. Opíð og flatt land.	Mikil
<b>Breytingaröfl</b>		
Virkir náttúruferlar	Sjávarrof, vind og vatnsrof.	Miðlungs
Jarð- og skógrækt, nýting náttúruauðlinda	Í landi Hafnar eru nokkrar virkar setnámur byggðar upp af, sjávarframburði, gosbergi og malarkömbum.	Miðlungs
Byggingar, framkvæmdir og samgöngur	Strjálbýlt er á svæðinu, byggingar eru á bæjarstæðum Fiskilækjar, Melum, Melaleiti, Belgsholti, Höfn I og Höfn II. Tengivegur nr. 505 liggur um svæðið og vegir heim að	Miðlungs



	bæjum. Í landi Hafnar eru nokkrar virkar setnámur byggðar upp af, sjávarframburði, gosbergi og malarkömbum.	
<b>Samhengi og rýmisskynjun</b>		
Jarðfræðilegt og rýmissamhengi	Flatneskja. Samhengi innan svæðið mikið. Einsleitt svæði.	Mikil
Virkt samhengi	Búsetulandslag	Miðlungs
Sögulegt samhengi	-	Á ekki við
<b>Kennileiti og lýsandi einkenni</b>		
Náttúruleg kennileiti	Flatlendi með ræktaðri jörð	Mikil
Mannleg kennileiti	Fiskilækur stendur upp á jökulgarði og blasir við vegfarendum um þjóðveg 1	Mikil
<b>Sérkenni svæðis:</b>		
Landbúnaður, flatlendi og votlendi einkenna svæðið. Gróðurþekja mismunandi eftir svæðum. Heildrænt og samhangandi landslag á stórum köflum.		

Að lokinni ítarlegri landkosta- og sérstöðugreiningu snerist verkefnið um að nýta þær niðurstöður til að sýna á hvern hátt landslag í Andakíl - Bæjarsveit- Hvalfjarðarsveit getur þróast. Ennfremur að móta sýn um framtíðarþróun alls svæðisins og sýna með landslagshönnun á völdum stað hvernig þróun í anda þeirrar sýnar gæti orðið.

Áhersla var lögð á að setja fram 3 ólíkar sviðsmyndir sem taka eiga mið af upplýsingum frá landkosta og sérstöðugreiningunni og draga upp framtíðarsýn - „á besta veg“ að 50 árum liðnum.

- Að óbreyttu – landslagsþróun í samræmi við þá þróun sem orðið hefur síðustu áratugi og samþykktar áætlanir.
- Á versta veg (Worst case scenario) – landslagsþróun í takt við það versta sem nemandi getur séð fyrir.
- Á besta veg (Best case scenario) – landslagsþróun í takt við það besta sem nemandi vill sjá.

Eftirfarandi dæmi eru sýnishorn af nokkrum þeirra tillagna sem gerðar voru eftir landkosta- og staðháttagreininguna.

Fjölbreytileiki í tillögugerð sýnir mikilvægi og þá möguleika sem kerfisbundin greiningarvinna getur haft í för með sér þar sem þróunarmöguleikar svæða eru skoðaðir útfrá hagnýtum forsendum.

Ókostur þessarar vinnu var að ekki náðist að koma á samstarfi – umræðum við íbúa og hagsmunaaðila. Í verkferlum er hinsvegar gert ráð fyrir að haft sé samráð við heimamenn um afmörkun einkennissvæða að lokinni 1. Vettvangsferð og síðan í lokin þegar verið er að móta og leggja fram tillögur.



Horft í norður meðfram Hafnarfjalli ( ljósm. Áskell Þórisson)

**Fiskilækjarmelar og jökulgarðarnir** Bergþóra Jónsdóttir

Verkefni 6 – Framtíðarsýn og Landslagshönnun  
UMSK IV - 2014

**Besta sviðsmyndin**

Einkenni svæðis 5 er sviplíð flattendi með melaflákum, gróðurvinnum, vatnakiósum, uppræðslu, ræktuðum túnnum, nauðbeittu náttúrulegu birki-skjarni og ræktuðum skógi við Ölver. Sterkir vindar og mikið jarðvegsof einkenna svæðið sem nýtt er til sauðfjárbætur og túnræktar. Jökulgarðar að austan og svipmikið fjöll að norðan ramma svæðið af í tvær áttir. Vísýni er mikið og sjónlinan er opin yfir allt svæðið frá jökulgröðunum í austri til vesturs.

**Svöldmynd 4**

Hvaða sögu segir hleðslan á mynd 6? Menningarmínjar og skírskotarnir hafa lítil áhrif á landslagsheld svæðisins. En þessi fallega hleðsla segir okkur að landið geymir sögu um foma tíu.

Landslagshönnunin byggir á SVÖT greiningunni sem gerir framtíðarsýnina eftir 50 ár mögulega.

**Styrkleiki:** Jarðvegurinn, vatnasvæðið, gróðurvinnin, birki-skjarnið, núverandi uppræðsla og vísýnin.

**Veikleikar:** Gróðurlausir melar og hnignun Fiskilækjarskógar. Ögnarnir - Jarðvegsof, vindur og ofmyting landsins.

**Tækifærin:** Felast í því að skapa sjálfbært náttúrulegt umhverfi með því að stoppa vindinn, græða upp landið og stjórna nýtingu þess.

Sjónlinan frá vestri til austurs að jökulgröðunum, sem munu skapa skjól fyrir væntanlega starfsemi. Jökulgarðarnir segja merkilega jarðfræðilega sögu og trúin þeirra verður lærdómsrik um framvindu gróðurs á þeim.

**Svöldmynd 5**

Jökulgarðarnir (mynd 7) mynduðust við bráðnun jökla fyrir 12.000 árum. Í þeim liggja melaflakir frá norðri til suðurs. Garðarnir eru merkilegt náttúrfræðilegt með ríflum hólabýrpingum, birki-skjarni og myrasundum.

**Framtíðarsýn næstu 50 ára** er að styrkja núverandi landnotkun og auka nýtingarmöguleikana með því að byggja upp svæðið með fjölbreyttum gróðri. Sjálfbærni náttúruauðinda svæðisins verður höfð að leiðarljósi.

Skjól og útsýni fer ekki alltaf saman en með góðri landslagshönnun má ná því besta fram með samskipti útsýnis og gróðurs sem skjálfjafa. Með skjólmyndun og uppræðslutækni að vopni má koma svæðinu til betri vegar á næstu 50 árum og gera framtíðarsýnina að veruleika.

**Kort 1**

Ölver, Svæði 5, Fiskilækjarmelar, Jökulgarðarnir, Veiðir, Bætur, Fjallabygging, Náttúrulegi birki-skjarni, Ræktuðir skógar, Jökulgröðningar.

**Svöldmynd 1**

Sjónlinan frá rötum Ölvers til vesturs. Lúpinna á svæðinu styrkir það og gerir að góðum kosti til skógræktar. Lúpinan stuðlar að góðum vaxtarhraða og þar með skjólmyndun á styttri tíma en eila.

**Svöldmynd 2**

Framtíðar sviðsmynd, eftir 50 ár, með lerkinu hryn (mynd 1), sem hefur mun meiri vaxtamöguleika á svæðinu en annað leri. Skógurinn yrði neðar í landinu og myndi því ekki skerða útsýnið frá Ölver til vesturs.

**Svöldmynd 3**

Megin sjónlinur eru frá þjóðvegi 1 til NV yfir melana. Fjallið Ölver (mynd 4) er tignarlegt kennileiti. Góðir möguleikar á beltarskógi (mynd 3) í líðum reitum með opnum sjónlinum á milli til að skerða falasýnina sem minnst. Mikill vindur skerða notkun svæðisins og eina lausnina til skjólmyndunar er skógrækt sem myndi auka notkunarmöguleika mikið.

Jarðvegseiginleikar styrkja svæðið og eru grunnforsenda þess að vel gangi að rækta upp svæðið og framtíðarsýnin geti orðið að veruleika.

Ríkjandi eru bjarndýr, hin dæmigerða mold þurrstundin, sem er algengur ræktunarfætur og melaflakir, sem hefur moldarlag nokkuð neðar yfirborðs, sem er hagstætt gróðri.

Vísýni er frá rötum Ölvers til suðurs yfir flattendi að Fiskilæk. Forsenda þess að græða upp landið og mynda hella gróðurþekju er að stoppa vindinn og rofið.

**Svöldmynd 6**

**Svöldmynd 7**

Dæmi um veggspjald (nem. B.J)



# Vatnshamravatn


Samspil manns og náttúru



Yfirlitskort og svæðaskipting ásamt Vatnshamravatni. 1:120.000. Loftmynd og gögn frá LMI.



Vatnshamravatn fyrir breytingu. 1:7000. Ljósmyndir ehf



Yfirlitskort af Vatnshamravatni eftir breytingu. 1:7000. Loftmynd og gögn frá LMI.

## Staðarval

Vatnshamravatn og umhverfi þess býður upp á mikla möguleika í hönnun og útfærslu svæðisins. Landið er nokkuð einsleitt og flatt með miklu útsýni til fjalla.

Verkefni 6 – Framtíðarsýn og landstagshönnun  
UMSK IV, 29. apríl 2014  
Nemandi: Hannes Tryggvi Hafstein  
Kennari: Auður Sveinsdóttir

Dæmi um veggspjald (nem. H.T.H)

## Vatnshamravatn

Vatnshamravatn er hluti af friðlandinu Andakill í Borgarfirði en svæðið var sett á lista Ramsar yfir alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði, þá sérstaklega fyrir votlendisfugla sem margir hverjir eru á vólísta.

Vatnið er 41 ha að stærð, grunnt (<2m) og næringarríkt. Yfirborð vatnsins lækkaði um 1 meter í kjölfar framræslu votlendis en stefnt er að því að hækka það til fyrra horfs.

## Sviðsmynd á besta veg eftir 50 ár

- Hækka vatnsyfirborðið og styrkja vistkerfið
- Þrjár eyjar (hólmar)
- Auka fjölbreytileika fugla- og dýralífs
- Votlendisstígur í kringum vatnið
- Fuglaskoðunarhús (fuglaskoðun)
- Ræktun birki útivistarskógar
- Göngu- og reiðstígur um birkiskóginn
- Leiksvæði og bekkir
- Auka útivistargildi svæðisins

## FRÍSTUNDAFYGGÐ OG ÞJÓNUSTMÍÐSTÖÐ - HVÍTÁRVÖLLUM

**Landnáði** Ásdróttinn er einn af þremur (Sveinþór og Sigrún) og hefur verið á milli þess og Sveinþórs landnáðir.

**Landnáði** Ásdróttinn er einn af þremur (Sveinþór og Sigrún) og hefur verið á milli þess og Sveinþórs landnáðir.



**Landnáði** Ásdróttinn er einn af þremur (Sveinþór og Sigrún) og hefur verið á milli þess og Sveinþórs landnáðir.

**Landnáði** Ásdróttinn er einn af þremur (Sveinþór og Sigrún) og hefur verið á milli þess og Sveinþórs landnáðir.



**Landnáði** Ásdróttinn er einn af þremur (Sveinþór og Sigrún) og hefur verið á milli þess og Sveinþórs landnáðir.

**Landnáði** Ásdróttinn er einn af þremur (Sveinþór og Sigrún) og hefur verið á milli þess og Sveinþórs landnáðir.



**Landnáði** Ásdróttinn er einn af þremur (Sveinþór og Sigrún) og hefur verið á milli þess og Sveinþórs landnáðir.

**Landnáði** Ásdróttinn er einn af þremur (Sveinþór og Sigrún) og hefur verið á milli þess og Sveinþórs landnáðir.

- Vaxandi hlutfeldi af vaxandi byggð og borgum
- Vaxandi hlutfeldi af vaxandi byggð og borgum
- Vaxandi hlutfeldi af vaxandi byggð og borgum
- Vaxandi hlutfeldi af vaxandi byggð og borgum
- Vaxandi hlutfeldi af vaxandi byggð og borgum
- Vaxandi hlutfeldi af vaxandi byggð og borgum



**Landnáði** Ásdróttinn er einn af þremur (Sveinþór og Sigrún) og hefur verið á milli þess og Sveinþórs landnáðir.



**Landnáði** Ásdróttinn er einn af þremur (Sveinþór og Sigrún) og hefur verið á milli þess og Sveinþórs landnáðir.

**Landnáði** Ásdróttinn er einn af þremur (Sveinþór og Sigrún) og hefur verið á milli þess og Sveinþórs landnáðir.



**Landnáði** Ásdróttinn er einn af þremur (Sveinþór og Sigrún) og hefur verið á milli þess og Sveinþórs landnáðir.

**Landnáði** Ásdróttinn er einn af þremur (Sveinþór og Sigrún) og hefur verið á milli þess og Sveinþórs landnáðir.

**Landnáði** Ásdróttinn er einn af þremur (Sveinþór og Sigrún) og hefur verið á milli þess og Sveinþórs landnáðir.

**Landnáði** Ásdróttinn er einn af þremur (Sveinþór og Sigrún) og hefur verið á milli þess og Sveinþórs landnáðir.



**Landnáði** Ásdróttinn er einn af þremur (Sveinþór og Sigrún) og hefur verið á milli þess og Sveinþórs landnáðir.

**Landnáði** Ásdróttinn er einn af þremur (Sveinþór og Sigrún) og hefur verið á milli þess og Sveinþórs landnáðir.



**Landnáði** Ásdróttinn er einn af þremur (Sveinþór og Sigrún) og hefur verið á milli þess og Sveinþórs landnáðir.

**Landnáði** Ásdróttinn er einn af þremur (Sveinþór og Sigrún) og hefur verið á milli þess og Sveinþórs landnáðir.



Dæmi um veggspjald (nem. D.G)

### Einkennissvæði staðarins – fjallgarðurinn og klettaborgirnar



## Bs- verkefni

Á undanförunum 14 árum hafa nokkur Bs verkefni fjallað um landslagsgreiningu á einn eða annan hátt.


Í BS verkefni Hildar Stefánsdóttur 2004; *Landslagsgreining í Þistilfirði, Sauðfjarrækt- -samfélag- Sérstaða* var stuðst við aðferðir frá sveitarfélaginu Herand í Vestur Noregi (*Landskapsanalyse og vurdering av utviklingstiltak*), og athugað hvort hægt væri að yfirfæra þær á íslenskar aðstæður.

Spurningin sem sett var fram í Herand var:

*“Korleis skal ein kunne snu dei negative tendensane o skape utvikling i ei jordbruksbygd med sterke tradisjonar, rike ressursas og med eit opplevingsrikt landskap som er halde godt vedlike”*

Spurning Hildar:

*„Þar sem hið norska samfélag, Herand er mjög hliðstætt við Svalbarðshrepp, með svipuð vandamál og landfræðilegar aðstæður, tók ég þá ákvörðun að reyna sömu aðferðafræði og þannig sjá hvort með þessari vinnu – landslagsgreiningu – sé hægt að benda á og undirstrika verðmæti lands og landslagsheilda“*



Herand:einföld greining í einkennissvæði

Niðurstöður Hildar voru:

*„ Sveitarfélag sem Svalbarðshreppur er dæmi um svæði þar sem trú fólksins er á utanaðkomandi öfl frekar en sitt innra ágæti. En þar liggur fjársjóðurinn grafinn, í innviðum sveitarinnar. Fók er fjársjóður ef það trúir því sjálf“*

„Sérstaða byggðarinnar felst þó tvímælaust í langri sögu ræktunar sauðkindarinnar og þeirri landnýtingu sem henni fylgir – sögu sem hefur mótað landslag og náttúrufar sveitarinnar um aldir“.

„Landslagsgreining tel ég vera rétt verkfæri til styrkingar byggðarinnar við Þistilfjörð, ef horft er til hversu vel tókst til í Herand, sem er á margan hátt svipað sveitarfélag sem er að eiga við sömu vandamálin. Fólkinu hefur fækkað, aðalatvinnuvegurinn stendur ekki nógu vel og framboð á atvinnu og möguleikum fyrir ungt fólk ekki nógu spennandi. Með markvissri vinnu, sem miðar að því að gera Þistilfjörðin að lifandi sterku samfélagi, þar sem sérkenni eru dregin fram, má snúa þessari þróun við og skipta úr vörn í sókn“.

Þessi tvö verkefni Herand og Þistilfjörður eru dæmigerð hvernig hægt er á einfaldan hátt með kerfisbundnum aðferðum að fá íbúa með í vinnuferilinn, vekja áhuga þeirra og athygli á svæðinu og leitast við að draga fram kosti þess og styrk auk staðaranda.


Í þessum verkefnum var ekki lagt mat á gildi svæða og tölfræðilega útreikninga en einkennissvæði hinsvegardregin fram. Markmiðið var fyrst og fremst að efla skilning, áhuga og með virkri þátttöku heimamanna, að draga fram og styrkja sérstöðu sveitafélagsins og sóknarfærin, en ekki síst að gefa íbúum trú á að hafa verðmæti svæðisins í höndunum.

Mikil áhersla er lögð á sérstöðu menningu og sögu og hvernig það hefur mótað landslagið. Hinsvegar er takmarkað unnið með sjónræna og fagurfræðilega þætti og áhrif mannvirkja og breytingarferla á landslagið. Mat á þolmörkum og áhrifum væri æskilegt og mætti líta á sem framhald verkefnisins ekki síst til að viðhalda sérstöðunni -

T.d. með skosku nálguninni :

## What is a landscape capacity study?

***'Landscape capacity study' has become a broad term, which embraces a number of different types of studies all of which explore how sensitive a landscape is to changes brought about by a specified development.***



- Landslagið sem umlykur okkur hefur mikil áhrif á líðan okkar - breytingar eiga sér stað - oft án þess að við gerum okkur grein fyrir því - hvers vegna og hvernig.
- Við þurfum að vera meðvituð um þau gæði sem felast í landslaginu og hvernig er farið með þessi gæði.

## IV Umræða - lokaorð

Það er mikilvægt að annast umhverfi okkar og hlú að því sem sérstöku íslensku landslagi. Ekki síst hvernig við mótum og göngum um landið og hvernig við tengjumst því.

Til að svo megi vera er þörf á sterkari sjónrænum og fagurfræðilegum aðferðum í skipulagi landnotkunar t.d. skógrækt, vegagerð, frístundabyggð. Landlögur – mynstur, form og litir eru mikilvægir landslagsþættir. Með því að þekkja þá, skilgreina og gera þá hluta af hönnun og skipulagi eru meiri líkur á að ná samræmi við mótun umhverfis. Markmiðið er ekki að standa í vegi fyrir þróun og breytingum heldur að auka gæði breytinganna á okkar daglega umhverfi og þannig auka lífsgæði komandi kynslóða.

Þegar litið er um öxl og reynt að meta hvernig til hefur tekist að vinna með og þróa þær landslagsgreiningaaðferðir sem kynntar hafa verið, má segja að niðurstaðan hafi verið framfarar vonum. Sú þverfaglega vinna sem verður til við að tengja saman náttúrufar- fagurfræði og menningararfleifið, þar sem enginn einn þáttur er réttþærri en annar, sýnir að þannig fæst niðurstaða sem gefur raunæfa möguleika til ákvarðanatöku.

Engin ein aðferð er sú eina rétta. Hinsvegar virðist sem norska aðferðin “*Veileder for landskapsanalyse i kommuneplan*” sé næst því að ná utanum þá sérstöðu sem við hér á landi höfum og erum að vinna með. Styrkur hennar er fyrst og fremst sá hve einföld hún getur verið í meðförum og þar með vel skiljanleg bæði fagmönnum sem og íbúum og hagsmunaaðilum. Með því að tengja þá aðferð við aðferðir Simon Bell (Scottish Natural Heritage) er hægt að leggja enn meiri áherslu á hin sjónrænu áhrif (fagurfræðina) sem t.d. skógrækt hefur á landslagið.




Þær tillögur sem spruttu upp í framhaldi af landslagsgreiningunni eru einnig dæmi um þá möguleika sem felast í kerfisbundinni skráningu og mati á einkennum landslagsins þar sem lögð er áhersla á að draga fram einkennissvæði og sérstöðu. Slíkar niðurstöður geta nýst sveitafélögum til að styrkja og byggja upp staði t.d. til nýrra atvinnutækifæra og þróunar.

Landslagsgreining getur verið hvati að nýrri sýn og djörfung í skipulagsmálum sveitarfélaga sem byggist á samstarfi íbúa, hagsmunaaðila og fagmanna.

Í umhverfis- og skipulagsmálum er mikilvægt að sett séu stefnumarkandi pólitísk markmið sem varða landslagið. Undirskrift Íslands að Evrópska landslagssamningnum gefur tóninn að slíkri vinnu. Landslagsgreining getur verið „verkfærið“ að slíkri stefnumörkun.

Október 2014

Auður Sveinsdóttir



Úr Ástarsaga úr fjöllum . GH og B P

## HEIMILDASKRÁ

Bell S., Apostel D. 2008 *Designing Sustainable Forest Landscapes*. Taylor and Francis

Bell S. 2005. *Elements of Visual Design in the Landscape Second Edition*  
Taylor & Francis e-Library

Bell S., Sarlöv Herlin I., Stiles R. 2012. *Exploring the Boundaries of Landscape Architecture*. Routledge

Bruun M., 2004. "Landskapskonvensjonens muligheter" Erindi flutt á ráðstefnu í Sand

Clemetsen M. 2001. *Områdeprosjekt Herand. Landskapsanalyse og vurdering av utviklingstiltak*. Aurland Naturverkstad

Council of Europe. 2000. *European Landscape Convention*

Countryside Agency and Scottish Natural Heritage 2002. *Landscape Character Assessment Guidance for Scotland and England*

Crowe S., Mitchell M. 1988. *The Pattern of Landscape*. Packard Publishing

Direktoratet for Naturforvaltning og Riksantikvaren, 2010. *Landskapsanalyse. Fremgangsmåte for vurdering av landskapskarakter og landskapsverdi*

Direktoratet for Naturforvaltning og Riksantikvaren, 2011. *Veileder for landskapsanalyse i kommuneplan*.

Edda R.H. Waage, 2013. *The Concept of Landscape. Meanings and Value for Nature Conservation*. Phd. HÍ

Feste J. Oterholm A.I. 1973. *Landskapskarakter. Vurdering av fattbarhet og estetisk kvalitet i naturlandskapet*. Institutt for hagekunst, NLH

Forestry Commision. 1994. *Forest Landscape Design, Guidelines*

Geelmuyden A.K. 1993. *Landskapsanalyse – planredskap og erkjennelsesvei*. Byggekunst 3/93

Hildur Stefánsdóttir 2004. *Landslagsgreining í Pistilfirði. Sauðfjárrækt-Samfélag-Sérstaða*. Bs verkefni LbhH

Hrafnkell Á. Proppé, 2006. *Lögun skóga að landslagi. Skriðufellsskógur í Þjórsárdal*. Bs verkefni Lbhl

Landmótun ehf. 2014. *Að móta land*

Lynch K. 1960. *The Image of the City*. MIT Press

McHarg I. 1971. *Design with Nature*. Natural History Press

Naturstyrelsen (á.á). *Landskabsatlas for Langeland Kommune*.  
[www.naturstyrelsen.dk](http://www.naturstyrelsen.dk)

Nordisk Ministerråd 1987:3. Natur og kulturlandskapet i arealplanleggingen

Selman P. 2006. *Planning at the Landscape Scale*. Routledge

Scibbye B, Y. Pålsta 2001. *Landskap i fokus. Utvärdering av metoder för landskapsanalys*. Scibby landskap

Skipulagslög 123 / 2010

Skjerdal I.B., Clemetsen M. 2007. *Landskapsanalyse for Granvin herad*. Aurland Naturverkstad


Stahlschmidt P. og Nellemann V. 2009. *Metoder til Landskabsanalyse. Kortlægning av stedets karakter og potentiale*. Grønt Miljø



## Viðauki 1

Verkferill við landslagsgreiningu nemenda 2014. Svæði frá Fiskilæk-  
Hafnarmelar- Andakíll.

Unnið skv. . *Landskapsanalyse. Fremgangsmáte for vurdering av  
landskapskarakter og landskapsverdi*



## Áfangi 2 – Lýsa (Beskrive)

### Skref 1 - Upplýsingaöflun

Landmótun og vatnafar  (Landform og vann)	Gróðurfar og dýralíf  (Vegetasjonsdekke og vegetasjonsstruktur)	Landnotkun og búseta  (Arealbruk og bebyggelse)	Menningarminjar –  (Kulturhistorien i landskapet)	Menningarlegar skírskotanir  (Kulturelle referanser)
---	---	---	--	--

## Viðauki 1 – Þemaskipting upplýsingaöflunar og kortlagningar

### Þema 1 – Landmótun og vatnafar

Efnisatriði	Lykilorð / athugasemdir	Helstu heimildir
Ár og Vötn	Fjöldi – Stærð – Lögun	Svæðisskipulag 1997-2017 – Árbækur ferðafélagsins
Helstu form í fjöllum og dölum	Stóru formin Slétta, dalur (rými) , stök fjöll (rúmtak) Rými: víður dalur / þröngur dalur Form: Mjúk – U laga dalur Hvöss – V laga dalur	Svæðisskipulag 1997-2017 - Jarðfræðingur  Lestur í hæðarlínur á korti eða í GIS Snið á ákveðnum stöðum
Minni form í umhverfinu	Sérstæðar jarðmyndanir: Áberandi klettur, holt, tindar, misgengi, hólur ofl.	Svæðisskipulag 1997-2017 – Vettfangsferð – Árbækur ferðafélaga Lestur af korti (þarf að vera nákvæmt leitið á lmi.is)
Grunnurinn	Berggrunnur – Samsetning Jarðvegsgrunnur	Svæðisskipulag 1997-2017 – Jarðfræðingur GIS

## Þema 2 – Gróðurfar, dýralíf og veður

Efnisatriði	Lykilorð / athugasemdir	Helstu heimildir
Jarðvegur - jarðvegsgerð	Náttúruleg landfræðileg lögun	Jarðvegskort LbhÍ – Ólafur Arnalds, ATH GISgögn eða vefsja <a href="http://www.jardvis.hi.is/">http://www.jardvis.hi.is/</a>
Náttúruleg gróðurþekja	Flokkar vistgerða	<a href="http://www.ni.is/">http://www.ni.is/</a> <a href="http://groa.rala.is/Kortavefsja/default.aspx">http://groa.rala.is/Kortavefsja/default.aspx</a>
Gróðurþekja undir áhrifum mannsins og menningar og menningartengt.	Ræktað land, akrar, tún, engi, beitarland, sel, skógur. Þjóðleiðir. <b>Kirkjan.</b>	<a href="http://fi.is/forsida/">http://fi.is/forsida/</a> (Árbók FÍ) Freysteinn. <a href="http://groa.rala.is/Kortavefsja/default.aspx">http://groa.rala.is/Kortavefsja/default.aspx</a>
Villt dýralíf	Fuglar, spendýr, fiskar	<a href="http://www.ni.is/">http://www.ni.is/</a> <a href="http://borgarbyggd.is/">http://borgarbyggd.is/</a>
Veðurfar	Á hérðasvísu <ul style="list-style-type: none"> <li>• Hvanneyri</li> <li>• Botnsheiði</li> <li>• Húsafell</li> <li>• Nærveður</li> </ul>	Veðurstofan <a href="http://www.vedur.is">http://www.vedur.is</a>  Heimamenn / staðkunnugir

## Þema 3 – Búseta og landnotkun

Hvað fær fólk til þess að búa á staðnum? Íbúafjöldi á svæðinu í dag er kannaður auk þess að þróun íbúafjölda er skoðuð til þess að fá hugmynd um hvernig samfélagið er að breytast með tímanum. Einnig er þróun búsetu könnuð með að skoða lögbýli 60 ár aftur í tímann auk þess að skoða þróun eignarhalds og starfsemi á jörðum á svæðinu. Aldursdreifing íbúa eins og staðan er í dag er könnuð.

Landnotkun tekur þá starfsemi sem fer fram í landslagi og einkenna það. Það mun aðallega vera í tengslum við atvinnu, búsetu, fólksfjölda, samgöngur, umferð og afþreyingu.

Landnotkun er fjölbreytt og er markmiðið að kortleggja hana eins og hún er í dag en einnig skoða hvernig hún hefur breyst á síðustu árum og áratugum. Reynt er að greina auðlindir og bera

kennsl á helstu atvinnumöguleika á svæðinu. Hvaða áhrif hefur búseta og landnotkun haft á landslagið? Hvaða áhrif hefur breytt notkun á svæðinu til með að hafa á landslagið og landmótun? Samgöngur innan svæðis og tengingar við hálendi Íslands auk þjóðvega greindar

Efnisatriði	Lykilorð / athugasemdir	Helstu heimildir
Náttúruauðlindir og nýting þeirra	Efnisnámur, vatnsveitur, veiðar, Virkjun vatnsfalla?	Hagstofan og hagstofa landbúnaðarins Borgarbyggð - aðalskipulag Bókin: Byggðin í
Frumframleiðsla	Landbúnaðarframleiðsla, ræktun, búfjárrækt, skógrækt.	
Starfsemi í bæjum og þorpum.	Landbúnaður, ferðaþjónusta, laxveiði, þjónusta, félagastarf, kirkja,	
Byggð svæði	Þjónustukjarni Dreifð byggð Matur og þjónusta	

	Ólíkar byggingar Bæirleyðibýli Fristundabyggð Tjaldsvæði	Borgarfirði Gis-kerfið Ofi.
lðnaðar- og tæknileg svæði	Efnisnámur, golfvöllur, landbúnaður og önnur landfrek svæði. (áveituhús/rafveitu/hitaveitusvæði)	Svæðisskipulag norðan Skarðsheiðar
Samskipti og umferð	Vegir, rafliður, gönguleiðir, reiðleiðir, þjóðleiðir, vegslóðar, internet/sími (flugbraut)	
Byggð og atvinnustarfsemi	Hvernig nota íbúar landslagið, hvernig hefur byggðin mótað landslagið. Má flokka land með starfsemi til hliðsjónar? - þjónusta	
Ferðalög og tómstundir	Hefur staðurinn gildi til tólmstunda eða ferðalaga, skíði, göngu, menningarlega, golf, skemmtigarða. Hvað eru notendur svæðisins að sækja á staðinn og að hvað miklu leyti. Tjaldsvæði, veiðar...	
Verndun svæða	Friðlýst svæði og vatnsverndun. Menningarminjar verndaðar. Ýmsar tegundir verndunar samkvæmt skipulags og byggingarlögum. Vernd er í sjálfu sér ekki landnotkunarflokkur en geta gefið vísbendingar um tegundir eiginleika sem tengjast þeim sviðum.	

#### 4 – Menningarminjar

Þetta þema fjallar um menningarminjar eins og þær koma fyrir í landslaginu. Þróun byggðar og landnotkunar er mismikið, sjáanleg í landslaginu í dag. Greiningin mun draga fram aðal einkenni og form, hluti og eindir sem hægt er að skynja í dag.

Í sumu landslagi er söguleg samfella einkennandi karakter, í öðru hefur landslagið breyst svo mikið á síðustu áratugum að landslagið lítur út fyrir að hafa engar menningarlegar rætur.

Efnisatriði	Lykilorð / athugasemdir	Helstu heimildir
Söguleg þróun, einkennandi fyrir svæðið.	Hvaða sögu segir landslagið?	Árbók FÍ?
Elstu menningarminjar í landslaginu.	Eru sjáanlegar minjar um landnotkun frá landnámi eða miðöldum? T.d. bæjartóftir, grafreitir, kirkjur, byggingar eða vegaskipulag. (Gamalt sjávarborð getur sýnt hvar land var numið)	Gagnabankar um friðaðar menningarminjar.  Fornleifaskrá og ASK Borgarbyggðar 1001 Þjóðleið Árbók FÍ
Söguleg samfella/brot..	Að hvaða leyti sýna menningarminjar í landslaginu samfellu í sögulegri þróun? Hafa verið einhverjir atburðir sem uður til þess að landslagið þróaðist í þveröfuga átt miðað við áður? (T.d. iðnbylting, stríð)	Bækur um söguna.
lðnaðarlandslag/ landbúnaðarlandslag.	Landbúnaðarlandslag, hugsanlega með fornum ökrum innan um byggðar eindir (hlöður, steinveggir, gamlar grafir).	Heimamenn / staðkunnugir?
Byggðakjarnar, svæðisbundinn byggingarstíll og umhverfi þeirra.	Ólíkar týpur af byggingarumhverfi, fer eftir hvernig landslagið er: bóndabýli og tengdar byggingar, afskekktar byggingar, kofar, stíflur,	

	byggð svæði (villur með garða, raðhús eða blokkir).	
Mannvirki, þjóðleiðir og vegir.	Mörk landaeigna, hugsanlega afmarkað með steingörðum eða girðingum. Umferðarmannvirki eins og vegir, trjágöng, gamlir vegslóðar og stígar. Önnur umferðarmannvirki t.d. bryggjur á árbakka.	Sögukort, gamlar og nýjar loftmyndir, gamlar myndir.  1001 Þjóðleið
Menningarsaga – lykileindir	Kennileiti eins og stórir grafhaugar, kirkjur, brýr, minnismarki, merkilegar byggingar.	Heimamenn / staðkunnugir (Möguleg samlegðaráhrif með þema 5)

### Þema 5 – Menningarlegar Skirskotanir

söguleg tenging svæðis og landslags  
saga sem ekki hefur verið skráð í landið

Verið að tala um reynslu sem byggir á þekkingu af landinu á hlutum sem eru óáþreifanlegir

Efnisatriði	Lykilorð / athugasemdir	Helstu heimildir
Landslag sem er þekkt á landsvísu	-svæði með séreinkenni sem allir þekkja td. Þingvellir	
Staðir í landslagi sem tengjast sögulegum viðburðum trú eða hefðum	-Staðir sem tengjast viðburðum eða mikilvægum persónum í Íslendingasögum -Staðarheiti eða sögustaðir sem segja sögu af staðarviðburðum, landslagseinkenni sem nú eru horfin, td. kirkjustaðir eða eyðibýli -Staður fyrir trú og hefðir	
Þekking heimamanna af notkun landslags	-þekking á náttúrulegum skylirðum og hefðbundinni notkun á auðlindum, starfsemi og stjórnun, handverkstækni og efnis þekking/meðferð	
Innblástur af landslaginu í gegnum listir og þekktar hefðir	-Fagurbókmenntir (leikrit og skáldsögur) -Málverk og teikningar -Tónlist (söngur, vísur, kvæði) -Dans	



	-Umhverfislistaverk (innsetning) -Sagnasögur (sögur, frásagnir og ævintýri)	
Sögulegir atburðir	-Fornsögulegir	
Samkomusvæði	- Torg, garðar, sléttur, útivistarsvæði eða annar staður fyrir heimafólk að hittast á. ( bæði fyrr og nú)	

## **Skref 2 – Grófflokkun í einkennissvæði (karakterområder)**

### **Skref 3 – Vettvangsferð og undirbúningur hennar**

Þetta skref er unnið 2x2 hópum ( sama og í skrefi 2)

Athugunarsvæðinu er skipt í tvær állíka umfangsmiklar einingar. Hóparnir skipta þeim á milli og undirbúa vettvangsferð með því að draga fram helstu niðurstöður úr hverju þema í skrefi 1 á gátlista fyrir hvert einkennissvæði. **Í vettvangsferð bætist við 6 þemað, fagurfræði sjónrænir þættir.** Vettvangsferðin er farin 19.febrúar eða eftir því sem hver hópur telur nauðsynlegt

### **Áfangi 3 – Túlka**

Áfram er unnið í sömu hópunum. Hver hópur fer yfir öll einkennissvæði túlkar og leggur mat á eftirfarandi þætti:

- Innihald / Sérkenni
- Breytingaröfl
- Samhengi og samspil
- Kennileiti

Í þessum áfanga er unnið nýtt skema sem skiptist í þessa fjóra túlkunarþætti. Lagt er mat á meginatriði úr öllum 6 þemunum undir hverjum þessara túlkunarþátta. Þessum hluta líkur 23. febrúar með endanlegu korti af skiptingu í einkennissvæði og lýsingu á hverju þeirra.

### **Áfangi 4 – Ályktanir**

## Uppbygging greinargerðar

Kaflar	Lykilorð	Ábyrgð
1. Inngangur	Stuttur inngangur sem lýsir verkefninu og uppbyggingunni á skýrslunni. Forsíða og fylgir þessum hluta	
2. Aðferðarfræði	Svara spurningunni hvernig var verkefnið unnið, hvaða aðferðafræði notuð.	
3. Helstu upplýsingar um einkennissvæði	5 þematengdir undirkaflar. Megin upplýsingar frá þemavinnu. Þematengd kort með helstu niðurstöðum	Þemahópar ábyrgir fyrir sínum undirkafla, texta, myndum og kortum.
4. Skipting svæðisins í einkennissvæði	Niðurstöður 2 greiningarhópa settir saman. Yfirlitskort með skiptingunni. Stuttur texti og myndir um hvert einkennissvæði	Greiningarhópar ábyrgir fyrir sínu hluta – texti og myndir. Heildarkort –
5. Mat og ályktanir	Þemakort og texti með helstu niðurstöðum um svæðið í heild	
6. Heimildir	Endanlega heimildarskrá, myndaskrá oþh. Efnisyfirlit fylgir þessum hluta	